

# Iðjupjálfinn

Fagblað iðjupjálfa



**Lýðeinkenni** íslenskra iðjupjálfa og viðhorf þeirra til menntamála • **Aðalfundur** iðjupjálfafélags Íslands • **iðjupjálfunarbraut** Háskólans á Akureyri – hugmyndafræði, markmið og skipulag • **Greiningarteymi** á Heilsuverndarstöðinni • **Norræn ráðstefna** iðjupjálfa • Iðjupjálfar taka þátt í tilraunaverkefni • **iðjupjálfun í heilsugæslu** – niðurstöður matsnefndar • **Fjölskylduþjónusta** kirkjunnar



**epal**

Skeifunni 6 sími: 568 7733 [www.epal.is](http://www.epal.is)



Wonderland  
MADRASSEN

Stillanlegt  
heilsurúm  
með áklæðum  
sem hægt er  
að taka af og  
þvo við 60° C!

Með Latex-yfirdýnu,  
pokagormum,  
fjarstýringu og  
stillanlegum botni.

Verð 125.200 kr.

Gott verð  
hagnýt hönnun  
og sérvíska Eyjólfss

**epal**

Skeifunni 6 sími: 568 7733 [www.epal.is](http://www.epal.is)



Gott verð  
hagnýt hönnun  
og sérvíska Eyjólfss

Tripp Trapp  
barnastóll frá  
Stokke  
hannaður af  
Peter Opsvik.

Verð: 10.970 kr.



sittu  
eins og  
þér sýnist

- \* sjö daga reynslutími
- \* fullkomin varahluta- og viðgerðapjónusta
- \* afgreiðslutími 1-2 dagar af lager

kynningarverð  
**55.900**

[verðlistaverð er 63.171 króna]

Einn mikilvægasti lykillinn að ánægju og vellíðan á vinnustað er rétt val á stólnum sem þú situr á. Hann þarf að vera þægilegur og sterkbyggður, hafa stillingar sem henta nákvæmlega þínum þörfum, og ekki er verra að hann sé líka eitthvað fyrir augað.

**KN 6241** frá *Kinnarps* er nýr stóll sem hefur alla þessa kosti auk þess að vera sérstaklega léttur og stöðugur. Allar stillingar eru hárnákvæmar, svo þú getur setið nákvæmlega eins og þú vilt. Hann býðst nú með 7.000 króna afslætti, sem gerir þér enn auðveldara að sitja eins og þér sýnist.

**Kinnarps** KN 6241

**PENNINN**

**Skrifstofubúnaður**

Hallarmúla 2 • 108 Reykjavík • Sími 540 2030 • Fax 568 9315  
Heimasíða: [www.penninn.is](http://www.penninn.is) • Netfang: [penninn@penninn.is](mailto:penninn@penninn.is)

# IÐJUPJÁLFINN

fagblað iðjupjálfa

Pósthólf 4159

124 Reykjavík



## Efnisyfirlit

|                                                                                    |    |
|------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Lýðeinkenni íslenskra iðjupjálfa<br>og viðhorf þeirra til menntamála .....         | 7  |
| Aðalfundur Iðjupjálfafélags Íslands .....                                          | 15 |
| Iðjupjálfunarbraut Háskólans á Akureyri<br>– hugmyndafræði, markmið og skipulag .. | 18 |
| Greiningarteymi á Heilsuverndarstöðinni ..                                         | 25 |
| Norræn ráðstefna iðjupjálfa .....                                                  | 27 |
| Iðjupjálfar taka þátt í tilraunaverkefni ....                                      | 28 |
| Iðjupjálfun í heilsugæslu<br>– niðurstöður matsnefndar .....                       | 30 |
| Fjölskylduþjónusta kirkjunnar .....                                                | 32 |

### Stjórn IPÍ

Kristín Sigursveinsdóttir, formaður  
Sigríður Pétursdóttir, varaformaður  
Oddrún Lilja Birgisdóttir, gjaldkeri  
Þóra Leósdóttir, ritari  
Sigríður Bjarnadóttir, meðstjórnandi

### Ritnefnd:

Anna Ingileif Erlendsdóttir  
Auður Hafsteinsdóttir  
Erla Björk Sveinbjörnsdóttir  
Guðný Katrín Einarsdóttir  
Soffía Haraldsdóttir  
Þóra Leósdóttir

### Ritstjóri:

Þóra Leósdóttir

### Prófarkalestur:

Guðbjörg Kr. Arnardóttir  
Þóra Leósdóttir

### Hönnun og umbrot:

Margrét Rósa Sigurðardóttir

### Prentun:

Offsetfjölritun hf.  
Mjólnisholti 14, 105 Reykjavík

### Þökkun og frágangur:

Iðjupjálfun  
Geðdeildar Lsp., Kleppi

Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta texta  
og færa mál til betri vegar.

Vitna má í texta blaðsins ef heimildar er getið.

## Ritstjórnarspjall

Nú er sumar gengið í garð og fyrra tölublað Iðjupjálfans lítur dagsins ljós. Í kjölfar aðalfundar IPÍ eru mannabreytingar í ritnefnd félagsins. Þær Anna Ingileif Erlendsdóttir og Auður Hafsteinsdóttir láta nú af ritnefndarstörfum eftir langa og dygga setu í nefndinni. Eiga þær þakkir skilið fyrir vel unnin verk á síðustu árum. Til liðs við nefndina eru mættar þær Erla Björk Sveinbjörnsdóttir og Guðný Katrín Einarisdóttir. Hjartanlega velkomnar!

Iðjupjálfar hafa enn og aftur lagt stóran skerf af mörkum við efnistöð blaðsins. Í þessu tölublaði má meðal annars finna grein um niðurstöður rannsóknarverkefnis til meistaraþrófs þar sem fjallað er um lýðeinkenni íslenskra iðjupjálfa og viðhorf þeirra til menntamála. Einnig birtist hér fróðleg grein um hugmyndafræði, markmið og skipulag námsbrautar í iðjupjálfun við Háskólann á Akureyri.

Tilraunaverkefni um iðjupjálfun í heilsugæslu lauk síðasta haust og nú liggur fyrir skýrsla matsnefndar, stiklað er á stóru um það mál. Jafnframt birtast í blaðinu viðtöl við iðjupjálfa í starfi en nokkrir af nefndarmönnum brugðu sér á vettvang með upptökutækið að vopni og tóku þá tali. Af nýjungum má nefna að nú gefst höfundum fræðilegs efnis kostur á að birta samantekt á enskri tungu með greinum sínum. Þetta gefur Iðjupjálfanum alþjóðlegra yfirbragð og erlendir lesendur geta fengið innsýn í efni greinanna.

Áður en við hlaupum út í sólina viljum við í ritnefnd þakka þeim fjölmörgu auglýsendum sem styrktu útgáfu þessa fyrsta tölublaðs kærlega fyrir stuðninginn.

ritstjóri



# TEMPUR PEDIC

## Heilsunnar vegna



### Opinber verðlaun NASA til Tempur Pedic




Robert Trussell, forstjóri Tempur Pedic (hægri), tekur við verðlaununum frá yfirmanni NASA, Daniel S. Goldin.

– við athöfnina og á fréttarfundinum sem haldinn var á Alþjóðlega loftferða- og geimvísindastofnuninni (NASA), Washington D.C. í Bandaríkjunum þann 6. maí 1998.

**Ath. Tempur dýnan er eina dýnan sem fengið hefur þessa viðurkenningu.**

### Varist eftirlíkingar



Heilsukoddar



Heilsukoddar



Heilsudýnur



Bakstoð

### Þrýstijöfnun er lykilorðið

Tempur dýnurnar voru þróaðar af NASA (geimvísindastofnun Bandaríkjanna). Eiginleikar Tempur felast fyrst og fremst í þrýstijöfnunareiginleikum efnisins.

Dýnan lagar sig að hita og þrýstingi líkamans. Þar af leiðandi myndast engir þrýstipunktur á stöðum s.s. herðum, mjóðmum, öxlum og höndum. Þannig helst blóðstreymi óheft, stíðleiki og verkir heyra sögunni til.

Það er engin tilviljun að yfir 27.000 kiropraktorar, sjúkráþjálfarar, læknar og sérfræðingar um allan heim mæla með Tempur-Pedic heilsudýnunni.



Faxafeni 5 • 108 Rvk • Sími: 588-8477

Réttur stuðningur skiptir öllu fyrir fólk sem situr í hjólastól!



# Hjálpartæki fyrir stóra og smáa



Hækjur  
Göngugrindur  
Barnapríhjól  
Fullorðinspríhjól  
Hjálpardekk  
Hjólastólar  
Rafmagnshjólastólar  
Sérmótuð hjólastólasæti

Persónuleg sérfræðiráðgjöf



# Lýðeinkenni íslenskra iðjupjálfa og viðhorf þeirra til menntamála

**Ný námsbraut hófst í iðjupjálfun hér á landi haustið 1997. Íslenskir iðjupjálfar geta nú haft markvissari áhrif á þróun fagsins. Mikilvægt var að kanna viðhorf þeirra til faglegra mál-efna. Spurningarlistar voru notaðir til að mæla viðhorf og allt þýði íslenskra iðjupjálfa var spurt. Svarhlutfall var 92%. Svörin voru áþekkt, íslenskir iðjupjálfar lögðu áherslu á fræðipækkingu. Svokölluð T-próf og einhliða ANOVA sýndu hins vegar tölfræðilegan mun á nokkrum breytum þegar menntun, starfsreynsla sem og útskriftarlönd voru athuguð og tengsl viðhorfa til menntamála. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fræðsluáttak það sem fræðslunefnd iðjupjálfafélags Íslands stóð fyrir ásamt skólanefnd hafi skilad sér til starfandi iðjupjálfa.**

## Aðdragandi

Eins og fram hefur komið í þeim greinum sem undirrituð hefur skrifað í Iðjupjálfa um meistaranámið (Ásmundsdóttir, 1998, 1996a, 1996b) var megintilgangur þess að mennta kennara fyrir væntanlega námsbraut í iðjupjálfun. Ein aðalþáttur meistaranámsins er rannsókn. Í upphafi námsins ætlaði ég að kanna eitthvað sem tengdist geðsjúkdómum og færni, en áhugi minn á eigin fagstétt hefur vaxið með árunum. Á starfsferli mínum hef ég unnið á geðsviði og allir mínir starfskraftar verið nýttir í þann málaflokk. Ég hafði háleitar hugsjónir fyrir hönd geðsjúkra í upphafi og óraði ekki fyrir því að eftir 20 ára starf yrði ég enn í basli við til dæmis að ráða iðjupjálfa til starfa á geðdeildum. Sú framtíðarsýn sem ég hafði var að kraftmiklir og vel menntaðir iðjupjálfar myndu starfa í þágu

geðsjúkra. Hlutfall iðjupjálfa er vinna á geðsviði fer minnkandi meðan iðjupjálfum hefur almennt fjölgað (Stefnumótun í geðheilbrigðismálum, 1998). Ég hef kynnst mörgum iðjupjálfum í gegnum handleiðslu, en hana hef ég stundað síðan ég lauk handleiðslunámi 1988. Þar sem ég starfa á Ríkisspítölum sem er háskólasjúkrahús hef ég hlutverki að gegna í menntun iðjupjálfa framtíðarinnar. Þau flóknu viðfangsefni sem geðdeildirnar fást við kalla á vel menntaða og hæfileikaríka starfsmenn. Með því að kanna frekar eigin fagstétt, þróun hennar, fortíð og framtíðarmöguleika vonaðist ég til þess að sú þekking á efninu gæti styrkt stöðu iðjupjálfunar á geðsviði.

Rannsóknin var gerð snemma árs 1998. Hér verður fjallað um þær niðurstöður hennar er varða lýðeinkenni íslenskra iðjupjálfa og viðhorf þeirra til menntamála. Önnur grein mun birtast síðar varðandi sömu rannsókn. Sá hluti mun fjalla um fagþróun, fagmennsku og viðhorf íslenskra iðjupjálfa til fagmála.

## Stofnun iðjupjálfunarbrautar

Umræður um mikilvægi rannsókna í iðjupjálfun (Hagendorn, 1995; Taylor, 1995; Van Deusen, 1993; Yerxa, 1991, 1987, 1983; Ottenbacher, 1990; Taylor & Mitchell, 1990; Christiansen, 1983; Gilette & Kielhofner, 1979) og framhaldsnám í greininni til að mennta fræðimenn (Yerxa, 1995; Barris and Kielhofner, 1985) hafa verið í deigluinni síðustu tvo áratugina. Yerxa (1982) benti á að hluti af vandkvæðum stéttarinnar sé stutt grunnnám og kröfurnar til að leysa æ flóknari vandamál kalli á frekari menntun. Van Deusen (1993) taldi vandkvæðin meðal annars liggja í því hversu stéttin er þjónustumiðuð og það sé ástæða þess hversu lítt þekkt hún er. Menntun er áhrifaríkt tæki. Eiginleikar fagmanna og hversu færir þeir eru, hugmyndir, þróun og rannsóknir



Elín Ebba Ásmundsdóttir

**Sú framtíðarsýn sem ég hafði var að kraftmiklir og vel menntaðir iðjupjálfar myndu starfa í þágu geðsjúkra. Hlutfall iðjupjálfa er vinna á geðsviði fer minnkandi meðan iðjupjálfum hefur almennt fjölgað.**



ásamt þeim fræjum sem sáð er til næstu kynslóðar er undir menntuninni komið (Yerxa, 1991; Yerxa & Sharrott, 1986). Leggja ber á áherslu á mikilvægi framhaldsmenntunar, þegar í grunnnámi og hvaða gildi hún hefur haft fyrir þróun stéttarinnar (Yerxa, 1991). Áherslubreytingar í menntun iðjuþjálfa hafa áhrif á störf fagstéttarinnar. Þegar áherslum er breytt er það undirstaða að þekkja sjálfsmynd og viðhorf starfandi iðjuþjálfa (Fidler, 1979).

Iðjuþjálfunarbraut hér á landi varð loks að veruleika eftir margra ára undirbúning og meðgangan varð lengri en nokkurn óraði fyrir. Á þessum tímamótum taldi ég mikilvægt að kanna lýðeinkenni íslenskra iðjuþjálfa og viðhorf þeirra til fagmála almennt. Samvinna háskólans og starfandi iðjuþjálfa er undirstaða þess að nýjar áherslur í menntun nái fram að ganga (Kelly, 1996; Burke & DePoy, 1991; Yerxa 1991). Fagið iðjuþjálfun hafði tekið breytingum á síðasta áratug og nauðsynlegt var að kanna viðhorf iðjuþjálfa þar að lútandi. Þar sem iðjuþjálfar hafa hlotið menntun á erlendra grund hingað til, var upplagt að kanna hvort menntunarland hefði áhrif á viðhorf. Í erlendum rannsóknum hefur verið kannað hvort menntunarstig, framhaldsnám (Gape & Hewin, 1995; Fleming & Piedmont, 1989; Van Deusen, 1986, 1985, 1981; Barris & Kielhofner, 1985; Clark et al., 1985; Gilkeson & Hanten, 1984; Rogers & Mann 1980a, 1980b; Bell & Bell, 1972) og starfsreynsla (Davidson, 1981) hafi áhrif á ýmsar fylgibreytur. Niðurstöður íslensku rannsóknarinnar sem lýst verður hér á eftir gætu gefið vísbendingar um styrkleika og veikleika stéttarinnar. Hægt væri að nýta þær á vettvangi Iðjuþjálfafélags Íslands, en einnig gætu kennarar við iðjuþjálfunarbraut Háskólans á Akureyri nýtt niðurstöðurnar þar sem þeir þurfa að brúa bil í milli fag- og verkmenntunar.

Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

1. Hver eru lýðeinkenni íslenskra iðjuþjálfa?
2. Viðhorf íslenskra iðjuþjálfa til mennta- og fagmála?
3. Eru einhver tengsl á milli menntunar, starfsreynslu eða útskriftarlands iðjuþjálfa og viðhorfa þeirra til mennta- og fagmála?

#### Hversu vel fannst þér grunnnám í iðjuþjálfun hvetja þig og undirbúa í eftirfarandi?

Undirbúningur í grunnnámi

|                            | n  | M   | 1  | 2  | 3  | 4  | 5  |
|----------------------------|----|-----|----|----|----|----|----|
| Persónulegum þroska        | 79 | 3.9 | 0  | 5  | 24 | 48 | 23 |
| Iðjuþjálfatækni            | 80 | 3.7 | 0  | 5  | 32 | 49 | 14 |
| Fagmennsku                 | 80 | 3.7 | 0  | 7  | 35 | 41 | 17 |
| Gagnrýnni hugsun           | 80 | 3.6 | 0  | 9  | 37 | 39 | 15 |
| Faglegu innsæi             | 80 | 3.6 | 1  | 9  | 31 | 48 | 11 |
| Iðjuþjálfunarhugmyndafræði | 80 | 3.4 | 1  | 21 | 30 | 31 | 17 |
| Rökfærslu                  | 78 | 3.0 | 0  | 24 | 48 | 26 | 2  |
| Grunnhugtökum vísinda      | 79 | 2.6 | 11 | 38 | 32 | 18 | 1  |
| Rannsóknarstörfum          | 80 | 2.3 | 23 | 41 | 26 | 9  | 1  |
| Stjórnun                   | 80 | 2.3 | 23 | 41 | 26 | 9  | 1  |

Ath. Svarmöguleikar voru: 1 = ekkert, 2 = illa, 3 = í meðallagi, 4 = frekar vel, 5 = mjög vel.

- 1. mynd. Viðhorf til menntamála - undirbúningur í grunnnámi.**  
Myndin sýnir meðaltöl og prósentuhlutföll.

#### Hversu mikla áherslu vilt þú láta leggja á eftirfarandi í atriði í iðjuþjálfanám á Íslandi?

| Áherslur í námi                 | n  | M   | 1 | 2  | 3  | 4  | 5  |
|---------------------------------|----|-----|---|----|----|----|----|
| Greiningarhæfni                 | 79 | 4.5 | 0 | 0  | 9  | 32 | 59 |
| Hugmyndafræðilega þekkingu      | 79 | 4.5 | 0 | 1  | 5  | 39 | 55 |
| Aðferðafræði og úrvinnsla gagna | 79 | 4.1 | 0 | 0  | 18 | 49 | 33 |
| Verknám                         | 78 | 4.1 | 0 | 0  | 22 | 46 | 32 |
| Persónurækt                     | 79 | 4.1 | 1 | 0  | 17 | 57 | 25 |
| Hugmyndasmíð                    | 78 | 3.9 | 0 | 2  | 21 | 60 | 17 |
| Faghollustu                     | 77 | 3.8 | 3 | 0  | 35 | 36 | 26 |
| Rannsóknarvinnu                 | 79 | 3.7 | 0 | 3  | 35 | 51 | 11 |
| Verklagni                       | 78 | 3.6 | 0 | 8  | 42 | 36 | 14 |
| Tæknikunnáttu                   | 76 | 3.4 | 0 | 9  | 47 | 36 | 8  |
| Ákeðin lögmál                   | 73 | 3.3 | 0 | 12 | 48 | 33 | 7  |

Ath: Svarmöguleikar voru: 1 = enga, 2 = frekar litla, 3 = í meðalagi, 4 = frekar mikla, 5 = mjög mikla.

- 2. mynd. Viðhorf til menntamála - áherslur í námi.**  
Myndin sýnir meðaltöl og prósentuhlutföll.

### Mælitækið

Spurningalisti var notaður sem mælitæki á viðhorf. Sex spurningarlistar sem notaðir voru í rannsóknum meðal bandarískra iðjuþjálfa (Barris & Kielhofner, 1985; Clark et al., 1985; Fleming, 1985; Fleming & Piedmont, 1989; Gilkeson & Hanten, 1984; Vogel, 1991) voru fyrirmyndir, ásamt sérstaklega hönnuðum spurningum. Spurningalistanum var skipt í fjóra hluta:

- Fyrsti hluti samanstóð af 22 spurningum sem tóku á bakgrunni svarenda

- Annar hluti samanstóð af 21 breytu sem lutu að viðhorfum til eigin grunnnáms og áherslum í menntun iðjuþjálfa
- Í þriðja hluta var fagmennska skoðuð þar sem 14 breytur mældu virkni og áhuga á faginu
- Fjórdi hluti fjallaði um viðhorf til faglegra málefna með 65 breytum, þar sem viðhorf til starfsgrundvallar, fagmennsku og áherslna í fagþróun var athugað. Af þessum 65 voru 24 breytur sérstaklega hannaðar fyrir þessa rannsókn.



### Hversu vel finnst þér eftirfarandi lýsa skoðunum þínum?

| Menntun iðjubjálfa                                                                                                    | n  | M   | %  |    |    |    |    |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|-----|----|----|----|----|----|
|                                                                                                                       |    |     | 1  | 2  | 3  | 4  | 5  |
| Mér finnst mikilvægt markmið að iðjubjálfun þrói með sér sértæka fræðipekkingu                                        | 77 | 4.2 | 0  | 0  | 14 | 51 | 35 |
| Mér finnst að kenna eigi heimspeki og siðfræði í iðjubjálfum til að efla rökhugsun                                    | 78 | 4.0 | 1  | 5  | 21 | 37 | 36 |
| Ég tel að það myndi skila sér í bættri þjónustu iðjubjálfa ef kenndar væru námsgreinar sem efla rökhugsun             | 77 | 4.0 | 0  | 4  | 22 | 40 | 34 |
| Mér finnst vanta frekari rannsóknir til að sanna gildi iðjubjálfunar                                                  | 78 | 4.0 | 1  | 3  | 15 | 51 | 30 |
| Mér finnst iðjubjálfanámið á Íslandi verði að skilgreina betur þá hugmyndafræði sem liggur að baki iðjubjálfastarfinu | 78 | 3.9 | 1  | 5  | 18 | 46 | 30 |
| Mér finnst iðjubjálfun ekki vera eins vitsmunalega örfandi og ég átti von á                                           | 77 | 1.9 | 43 | 30 | 19 | 5  | 3  |
| Mér finnst iðjubjálfastörf líkjast fremur listgrein en vísindum                                                       | 78 | 1.9 | 42 | 31 | 21 | 5  | 1  |

Ath: Svarmöguleikar voru: 1 = mjög ósammála, 2 = frekar ósammála, 3 = hlutlaus, 4 = frekar sammála, 5 = mjög sammála.

#### 3. mynd. Viðhorf til menntamála - menntun iðjubjálfa. Myndin sýnir meðaltöl og prósentuhlutföll.

### Hvaða fimm eftirfarandi atriða finnst þér mikilvægust fyrir þóun iðjubjálfunar?

| Mikilvægt fyrir þróun fagsins                              | M   | 1  | 2  | 3  | 4  | 5  |
|------------------------------------------------------------|-----|----|----|----|----|----|
| Kenningar sem skýra iðjubörf mannsins                      | 3.5 | 1  | 6  | 14 | 26 | 38 |
| Markmið og hlutverk iðjubjálfunar í heilbrigðisk.          | 2.8 | 8  | 15 | 15 | 15 | 27 |
| Óhrekjandi staðhæfingar um tengsl iðju og heilbrigðis      | 2.1 | 7  | 9  | 9  | 21 | 15 |
| Staðlaðar aðferðir í notkun ákv. færnimælinga              | 1.2 | 11 | 16 | 4  | 14 | 1  |
| Samanburðarrannsóknir um árangur mismunandi meðferðartækja | 1.2 | 11 | 14 | 18 | 4  | 1  |
| Samskipta- og samtalstækni                                 | 0.9 | 7  | 8  | 8  | 3  | 5  |
| Ritun og skýrslugerð                                       | 0.6 | 19 | 8  | 4  | 1  | 1  |
| Uppbygging og starfsemi tauga- og stoðkerfis               | 0.5 | 3  | 4  | 4  | 4  | 3  |
| Samhengi pólitískra og félagslega þátta heilbr.þ.          | 0.5 | 7  | 5  | 5  | 4  | 3  |
| Grunnhugmyndir handleiðslu og stjórnunar                   | 0.5 | 14 | 7  | 7  | 0  | 0  |
| Sértæk meðferðartækni                                      | 0.4 | 9  | 7  | 4  | 0  | 1  |
| Saga iðjubjálfunar                                         | 0.3 | 5  | 4  | 3  | 1  | 1  |
| Sjúkdómafræði                                              | 0.2 | 3  | 0  | 3  | 3  | 0  |

Ath: Hér átti að velja fimm atriði sem svarendur þættu mikilvægt fyrir þróun fagsins. Fimm stig var gefið fyrir það sem valið var í 1. sæti. Það atriði sem var næst mikilvægast, var gefið fjögur stig og eitt stig fékk það sem valið var í 5. sæti.

#### 4. mynd. Viðhorf til menntamála - mikilvægi fyrir þróun fagsins. Myndin sýnir meðaltöl og prósentuhlutföll (n = 73).

Spurningarnar úr erlendu listunum voru þýddar og staðfærðar, en erfitt var að finna hugtök sem náðu fullkominni samsvörun á milli lista. Samþykki fyrir könnuninni var fengið bæði frá tölvunefnd hér á landi og frá „Human Committee of the Florida International University“, þar sem þetta verkefni tengdist meistaranáminu þar. Spurningalistinn var yfirfarinn og honum breytt samkvæmt tillögum frá aðilum hér og þar ytra. Skólanefnd IPÍ gaf sérfræðialit sitt til að afla ytra réttmætis og eins lagði hún til spurningar nr. 34 - 37 er fjölluðu um sérstaklega skipulagt BS - nám, áhuga og getu til að handleiða nema, kenna við háskólann eða stunda rannsóknir er tengjast faginu. Nokkrir sjúkrapjálfarar voru síðan fengnir til að frumkeyra spurningalistann.

### Aðferðafræði

Iðjubjálfar sem skráðir voru í símaskrá IPÍ, 87 talsins fengu listann í hendur. Hringt var á alla vinnustaði til að fá sem best skil á listunum. Lýsandi tölfraði var notuð til að varpa ljósi á lýðeinkenni og viðhorf iðjubjálfa til mennta- og fagmála. Í rannsókninni var athugað hvort frumbreyturnar menntun, starfsreynsla eða útskriftarland hefðu áhrif á fylgibreyturnar um viðhorf eða fagmennsku. Allt þýðið var spurt (N=87). Áttatíu iðjubjálfar svöruðu og svarhlutfall var því 92%. Frumbreytunni um menntun var skipt í tvennt. Þeir iðjubjálfar sem höfðu starfsréttindi „diploma“ (n = 55) og þeir sem höfðu BS eða MS gráðu eða voru í framhaldsnámi til MS gráðu (n = 25). Starfsreynslu var skipt í þrjá hópa: 0 - 5 ár (n = 19), 6 - 11 ár (n = 25) og 12 ár eða fleiri (n = 30). Útskriftarlandi var einnig skipt í þrjá hópa: Norðurlönd (n = 68), USA, Kanada (n = 6) og önnur lönd (n = 6). Þegar svara átti fullyrðingum sem mældu viðhorf voru fimm svarmöguleikar í boði sem gáfu í útreikningum frá einu upp í fimm stig. Chi-Square reikni-formúlan var notuð til að athuga hvort tölfraðileg tengsl væru á milli menntunar, reynslu og útskriftarlands annars vegar og áhuga á faginu og virkni hins vegar. Notuð voru T-próf sem mæla meðaltöl, þegar athuga átti tengsl á viðhorfum til fagmála annars vegar og menntunar hins vegar. Einhlíða ANOVA var notað þegar starfsreynsla og útskriftarland voru frumbreyturnar. „Fisher's Least Significant Difference“ próf var notað til að bera saman meðaltöl. P < .05 var

þröskuldur sem var notaður fyrir öll prófin þegar athuga átti hvort marktækur munur væri á milli hópa.

## Takmarkanir

Spurningalistarnir sem notaðir voru sem fyrirmynd höfðu ekki farið í gegnum áreiðanleikapróf þar sem athugað var hvort þeir væru í raun að mæla viðhorf, enda erfitt viðureignar þar sem viðhorf er ekki stöðugt og ýmislegt getur haft áhrif. Til dæmis það hvernig spurningar eru orðaðar og hvaða svarmöguleikar eru í boði, hefur áhrif á viðhorf eða skoðun manna (Schwarz & Sudman, 1996; Schuman & Presser, 1981). Svarendur geta einnig látið þekkingu á efninu stjórna svarinu í stað eigin tilfinninga. Sumir eru þannig gerðir að þeir forðast að svara sterkt, velja þess í stað mýkri staðhæfingar (Moser & Kalton, 1971). Þeir einstaklingar sem svöruðu við frumkeyrslu spurningalistanna voru ekki með bakgrunn í iðjubjálfun. Hugtök sem iðjubjálfar hefðu frekar gert athugasemdir við gátu því farið fram hjá þeim. Fullkomið samræmi er ekki við erlendu spurningalistana sem getur valdið skekkju þegar niðurstöður eru bornar saman við erlendu rannsóknirnar (hér verður ekki gerður slíkur samanburður).

## Lýðeinkenni

Áttatíu iðjubjálfar svöruðu og var það 92% svarhlutfall. Þeir listar voru allir notaðir í úrvinnslu gagna, þó svo að sumir svarendur hafi ekki svarað öllum spurningunum. Undir 1 í töflunum á 1.-4. mynd, sem hér fylgja er skráð hversu margir svöruðu viðkomandi breytu og prósentutölur og meðaltöl eru reiknuð út frá þeim sem svöruðu. Ekki var spurt um kyn. Tveir karlkyns iðjubjálfar voru skráðir í símaskrá IPÍ í febrúar 1998 og eru þeir því 1,74% af þeim sem fengu listann í hendur.

- **Aldur:** 54% iðjubjálfa voru á aldrinum 30 - 39 ára, 36% á aldrinum 40-49 ára, 6% yngri en 30 ára og 4% eldri en 50 ára.
- **Hjúskapastaða:** 53% iðjubjálfa voru giftir, 26% í sambúð og 14% voru ógiftir.
- **Tekjur:** 68% höfðu stöðugar tekjur, 60% lægri heildartekjur en maki, 14% svipaðar tekjur og maki, 13% áttu maka með óstöðugar tekjur, 9%

bjuggu einir, 8% voru einstætt for-eldri, 5% höfðu hærri tekjur en maki, og 3% voru fyrirvinna á heimilinu þar sem maki var ekki í launuðu starfi.

- **Ummönnunarskyldur:** Iðjubjálfar eiga samtals 126 börn sem búa heima og eru á aldrinum 0-24 ára. 18% barnanna voru 3ja ára og yngri og 48% barnanna voru 10 ára og yngri.
- **Fjöldi barna:** 33% eiga tvö börn, 20% þrjú börn, 18% eitt barn, 4% fjögur börn og 25% engin börn.
- **Aðrar ummönnunarskyldur:** 19% höfðu ættingja á sínum vegum sem þurfti að sinna oftast en einu sinni í viku og 6% sinntu öðrum tímafrekum umönnunarverkum.
- **Útskriftarár:** 58% útskrifuðust sem iðjubjálfar á árunum 1981 - 1990, 25% seinna en 1991, og 16% á árunum 1971 - 1980.
- **Útskriftarland:** 55% útskrifuðust frá Danmörku, 20% frá Svíþjóð, 10% frá Noregi, 7% frá Bandaríkjunum og Kanada og 7% frá öðrum löndum.
- **Menntun:** 83% útskrifuðust með „diploma“, 15% með BS í iðjubjálfun, 4% með MS í iðjubjálfun, 3% með MS í öðru en iðjubjálfun, 9% voru í meistaranámi og 7% voru með aðra sérmenntun.
- **Áhrifavaldar á komu til Íslands að loknu nám:** 71% ætluðu sér alltaf heim, hjá 65% höfðu átt hagafjötrar/bönd áhrif, 39% höfðu vinnu sem beið eftir þeim hér heima, hjá 14% hafði maki ekki fengið vinnu erlendis, 6% fengu ekki vinnu erlendis, hjá 17% voru aðrar ástæður og 13% iðjubjálfa voru af erlendum uppruna.
- **Starfsaldur:** Starfsaldur iðjubjálfa var frá 0 til 31 ár,  $M = 11$  ár,  $SD$  (vikmörk) = 7 ár.
- **Störf:** 82% unnu eingöngu við iðjubjálfun, 10% störfuðu bæði sem iðjubjálfar og við annað, 4% voru í tíma-bundnu leyfi og 4% störfuðu við annað en iðjubjálfun.
- **Hlé frá störfum:** 68% höfðu tekið sér lengra en 6 mánaða hlé frá störfum. 55% vegna barnsburðar, 15% vegna uppeldi barna, 13% vegna náms, 8% vegna annarra starfa, 5% vegna annarra ástæðna og 3% vegna veikinda.
- **Starfsvið:** 85% höfðu unnið á fleiri en einu sviði innan iðjubjálfunar, 77% með fullorðnum með skerta líkamlega færni, 62% með öldruðum, 57% með fullorðnum með skerta færni af sál-

rænum og geðrænum toga, 49% með börnum og unglingum að 16 ára aldri, 29% við forvarnir og heilsuefingu fólks með eðlilega færni, 19% með skjólstaðingum með skerta færni vegna þroskahömlunar, 18% við stjórnun og 15% við annað.

- **Það starfsvið sem þeir unnu við í dag og mestur tími fór í:** 30% unnu með fullorðnum með skerta líkamlega færni, 18% með börnum og unglingum að 16 ára aldri, 14% með fullorðnum með skerta færni af sálrænum og geðrænum toga, 9% með öldruðum, 6% við stjórnun með fleiri en tíu undirmenn, 5% við kennslu, 4% við stjórnun með fimm til tíu undirmenn og 3% við stjórnun með fjóra eða færri undirmenn, 3% með skjólstaðingum með þroskahömlun og 6% við annað. Ef allur vinnutími var tekinn saman þá unnu 55% með fullorðnum með skerta líkamlega færni, 44% með fullorðnum með skerta færni af sálrænum og geðrænum toga, 36% með börnum og unglingum að 16 ára aldri, 34% með öldruðum. Þá störfuðu 18% við kennslu, 16% við forvarnir og heilsuefingu fólks með eðlilega færni, 14% við stjórnun með fjóra og færri undirmenn, 13% með skjólstaðingum með þroskahömlun, 8% við stjórnun með fimm til tíu undirmenn, 6% við stjórnun með fleiri en tíu undirmenn og 17% við annað.
- **Starfsvettvangur:** Ef einungis var tekinn sá starfsvettvangur sem mestur vinnutími fór í þá kom í ljós að 39% störfuðu á almennum sjúkrahúsum, 27% á endurhæfingarstöð, 9% hjá sveitarfélagi og sveðisstjórn, 7% hjá fyrirtæki eða miðstöð sem útvegaði hjálpartæki, 4% í skólakerfinu, 3% í heilsugæslu, 3% unnu sjálfstætt og 9% við annað. Þegar starfsvettvangur og allur vinnutíminn var tekinn saman sýndi það sig að 49% störfuðu við almenn sjúkrahús, 35% á endurhæfingarstöð, 13% unnu á sjálfstæðum vettvangi, 12% í skólakerfinu, 10% hjá sveitarfélagi og sveðisstjórn, 9% hjá fyrirtæki eða miðstöð sem útvegaði hjálpartæki og 12% við annað.
- **Fræðsluskilyldur:** Ef aðeins var tekið það sem mestur tími fór í voru 36% ráðgjafar við aðrar stéttir, 19% handleiddu ófaglært starfsfólk, 11% sáu um fræðslu fyrir annað starfsfólk að meðtöldum nemum, 8% handleiddu

iðjupjálfa, og 6% höfðu aðrar fræðsluskyldur. Engar fræðsluskyldur höfðu 19%. Ef allar fræðsluskyldur voru teknar saman hjá þeim sem einhverjar höfðu, þá voru 47% ráðgjafar við aðrar stéttir, 41% sáu um fræðslu fyrir annað starfsfólk, 33% handleiddu ófaglært starfsfólk, einnig nema, 15% handleiddu iðjupjálfa, 12% handleiddu iðjupjálfanema og 13% höfðu aðrar fræðsluskyldur.

- **Fjöldi iðjupjálfa á vinnustað:** 32% unnu með einum til þremur iðjupjálfum, 19% unnu einir, 17% unnu þar sem voru fleiri en tíu, 16% með fjórum til sex og 16% störfuðu með sjö til níu iðjupjálfum.
- **Starfshlutfall:** Spönnin var frá 20% til 100%,  $M = 82,3$ ,  $SD$  (vikmörk) = 21.1. Þeir iðjupjálfar sem unnu meira en 32 stundir á viku voru 68%, þeir sem unnu frá 20 - 31 klst. voru 36% og 5% unnu minna en 20 tíma. Fulla vinnu unnu 46% iðjupjálfa og 41% af þeim voru með tekjur frá 111 - 140 þúsund krónum á mánuði, 28% höfðu tekjur frá 141 - 170 þúsundum, 12% með 81 - 110 þúsund krónur, 12% með 171 - 200 þúsund krónur og 6% höfðu hærri en 200 þúsund krónur í laun (miðað við febrúar 1998). Þau 4% sem unnu við annað en iðjupjálfun höfðu 111 - 200 þúsund krónur í mánaðarlaun. Þeir sem voru með aukatekjur samhliða iðjupjálfastörfum sínum höfðu 50 þúsund eða minna á mánuði fyrir það.

## Viðhorf til menntamála

- **Undirbúningur í grunnnámi:** Iðjupjálfum fannst grunnnámið undirbúa eða hvetja þá mest í sambandi við persónulegan þroska ( $M = 3.9$ ) eins og sjá má á 1. mynd. Í öðru sæti var iðjupjálfatækni ( $M = 3.7$ ) og fagmennska ( $M = 3.7$ ). Þeim þótti þeir hvattir sémilega til gagnrýnnar hugsunar ( $M = 3.6$ ) og faglegs innsæis ( $M = 3.6$ ), en hvað varðaði hugmyndafræði iðjupjálfunar ( $M = 3.4$ ) og faglega rökleiðslu ( $M = 3.0$ ) þótti undirbúningur aðeins í meðallagi. Undirbúningur fyrir rannsóknarstörf ( $M = 2.3$ ), grunnhugtök vísinda ( $M = 2.6$ ) og stjórnun ( $M = 2.3$ ) þótti hins vegar slakur.
- **Áherslur í námi:** Iðjupjálfar vildu sjá mesta áherslu lagða á greiningar-

hæfni í náminu ( $M = 4.5$ ), eins og sjá má á 2. mynd en 59% vildu sjá mjög mikla áherslu lagða þar á. Hvað varðar hugmyndafræðilega þekkingu ( $M = 4.5$ ) vildu 55% mjög mikla áherslu. Eins var aðferðafræði og úrvinnsla gagna í hávegum höfð ( $M = 4.1$ ) en þar völdu 33% mjög mikla áherslu. Verknám ( $M = 4.1$ ), völdu 32% mjög mikla áherslu, og við persónurækt ( $M = 4.1$ ), völdu 25% mjög mikla áherslu. Næst á eftir komu hugmyndasmíð ( $M = 3.9$ ), faghollusta ( $M = 3.8$ ) og reynsla í rannsóknarvinnu ( $M = 3.7$ ). Verklagni ( $M = 3.6$ ), tækni-kunnátta ( $M = 3.4$ ) og ákveðin lögmál ( $M = 3.3$ ) ráku lestina hvað varðaði áherslur í námi.

- **Menntun iðjupjálfa:** Iðjupjálfar voru hér einnig nokkuð sammála, eins og fram kemur á 3. mynd. Þeir vildu sértæka fræðipækkingu ( $M = 4.2$ ) þar sem 86% voru frekar sammála eða mjög sammála fullyrðingunni. Þeir vildu að kennd yrði heimspeki og siðfræði ( $M = 4.0$ ) en 73% voru frekar sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu. Einnig að kenndar væru greinar sem efla rökhugsun ( $M = 4.0$ ) en 74% voru frekar sammála eða mjög sammála. Hvað varðar rannsóknir í iðjupjálfun ( $M = 4.0$ ) voru 81% frekar sammála eða mjög sammála. Að hugmyndafræði iðjupjálfunar yrði skilgreind betur ( $M = 3.9$ ) voru 76% frekar sammála eða mjög sammála fullyrðingunni. Meiri hluta iðjupjálfa fannst starfið tengjast vísindum og vera vitsmunalega örvandi.

- **Mikilvægt fyrir þróun fagsins:** 4. mynd sýnir niðurstöður þegar raðað var eftir mikilvægi varðandi þróun fagsins. Kenningar sem skýra iðjupörf mansins varð í fyrsta sæti þar sem 38% af iðjupjálfum settu fullyrðinguna í fyrsta sæti ( $M = 3.5$ ). Markmið og hlutverk iðjupjálfunar í heilbrigðiskerfinu varð annað í röðinni ( $M = 2.8$ ) en 27% svarenda settu þá fullyrð-

ingu í fyrsta sæti. Óhrekjandi staðhæfingar um tengsl iðu og heilbrigðis ( $M = 2.1$ ) var fullyrðing sem 15% svarenda völdu í fyrsta sætið. Fullyrðingar um Sértæk meðferðartæki ( $M = 0.4$ ), Sögu iðjupjálfunar ( $M = 0.3$ ) og Sjúkdómafræði ( $M = 0.2$ ) lentu síðast á listanum.

## Tölfræðilegur munur á viðhorfum til menntamála

Þótt iðjupjálfar væru nokkuð sammála í viðhorfum sínum, þá var tölfræðilegur munur á nokkrum fylgibreytum. Iðjupjálfar með BS og MS gráðu og nemar í MS námi skildu sig frá iðjupjálfun með diplóma. Þeir fyrrnefndu töldu sig betur undirbúna í grunnnámi varðandi stjórnun ( $M = 2.6$  á móti  $M = 2.1$ ,  $t = 2.29$ ,  $p = .025$ ). Þeir lögðu meiri áherslu á rannsóknarvinnu í náminu ( $M = 4.0$  á móti

$M = 3.6$ ,  $t = 2.14$ ,  $p = .036$ ) og tóku sterkari afstöðu til þess að meðferð iðjupjálfa ætti að styðjast við öyggjandi kenningar eða hugmyndafræði ( $M = 4.3$  á móti  $M = 3.8$ ,  $t = 2.25$ ,  $p = .028$ ). Einnig að kenna ætti heimspeki og siðfræði í iðjupjálfum til að efla rökhugsun ( $M = 4.4$  á móti  $M = 3.9$ ,  $t = 2.32$ ,  $p = .023$ ).

Ef starfsreynsla var skoðuð tóku iðjupjálfar með 12 ára starfsreynslu eða meiri, sterkari afstöðu til þess að mikilvægt væri að iðjupjálfun þróaði sértæka fræðipækkingu ( $M = 3.9$ , 0 - 5 ára reynsla,  $M = 4.2$ , 6 - 11 ára reynsla,  $M = 4.5$ , meira en 12 ára reynsla,  $F = 4.02$ ,  $p = .002$ ) og til þess að kenna heimspeki og siðfærði til að efla rökhugsun ( $M = 3.7$ , 0 - 5 ára reynsla,  $M = 3.8$ , 6 - 11 ára reynsla,  $M = 4.5$ , meira en 12 ára reynsla,  $F = 7.11$ ,  $p = .002$ ). Þeir sem höfðu mestu reynsluna töldu að grunnnámið hefði undirbúið þá síst í grunnhugtökum vísinda ( $M = 3.1$ , 0 - 5 ára reynsla,  $M = 2.7$ , 6 - 11 ára reynsla,  $M = 2.3$ , meira en 12 ára reynsla,  $F = 4.08$ ,  $p = .021$ ), í faglegri rökleiðslu ( $M = 3.5$ , 0 - 5 ára reynsla,  $M = 3.3$ , 6 - 11 ára reynsla,  $M = 2.8$ , meira en 12 ára reynsla,  $F = 6.83$ ,  $p = .002$ ), í rannsóknum ( $M = 2.6$ , 0 - 5 ára reynsla,  $M = 2.5$ , 6 - 11



ára reynsla,  $M = 2.0$ , meir en 12 ára reynsla,  $F = 4.53$ ,  $p = .014$ ) og lögðu meiri áherslu en hinir tveir hóparnir á greiningarhæfni ( $M = 4.4$ , 0 - 5 ára reynsla,  $M = 4.4$ , 6 - 11 ára reynsla,  $M = 4.8$ , meira en 12 ára reynsla).

Miðhópurinn skar sig úr varðandi áherslu á persónurækt í iðjuþjálfunarnáminu og lagði ekki eins mikla áherslu á þann þátt og hinir hóparnir tveir ( $M = 4.2$ , 0 - 5 ára reynsla,  $M = 3.8$ , 6 - 11 ára reynsla,  $M = 4.3$ , meira en 12 ára reynsla,  $F = 3.44$ ,  $p = .032$ ). Hópurinn með minnstu starfsreynsluna skar sig úr varðandi mikilvægi fyrir þróun stéttarinnar „óhrekjandi staðhæfingar um tengsl iðju og heilbrigðis“ ( $M = 1.1$ , 0 - 5 ára reynsla,  $M = 2.5$ , 6 - 11 ára reynsla,  $M = 2.5$ , meira en 12 ára reynsla,  $F = 3.64$ ,  $p = .032$ ), fannst þetta atriði ekki nándar nærri eins mikilvægt og hinum tveimur hópunum.

Pegar útskriftarland var skoðað var tölfræðilegur munur á eftirfarandi: Þeim iðjuþjálfun sem útskrifast höfðu frá Bandaríkjunum og Kanada fannst að grunnám þeirra hefði undirbúið þá betur í grunnhugtökum vísinda ( $M = 2.5$ , Norðurlönd,  $M = 4.0$ , USA/Kan.,  $M = 2.2$ , önnur lönd,  $F = 2.76$ ,  $p = .001$ ), iðjuþjálfunarhugmyndafræði ( $M = 3.3$ , Norðurlönd,  $M = 4.5$ , USA/Kan.,  $M = 3.0$ , önnur lönd,  $F = 2.77$ ,  $p = .018$ ) og stjórnnun ( $M = 2.2$ , Norðurlönd,  $M = 3.7$ , USA/Kan.,  $M = 2.0$ , önnur lönd,  $F = 2.77$ ,  $p = .001$ ) miðað við þá sem útskrifuðust frá hinum löndunum. Þeir sem útskrifuðust frá öðrum löndum en Norðurlöndum og Bandaríkjunum og Kanada skáru sig aðeins tölfræðilega út á einni breytu og það var varðandi breytingar í faginu. Þá lögðu þeir mesta áherslu á Áþreifanlegar sannanir á áhrifum iðjuþjálfunar“ ( $M = 4.1$ , Norðurlönd,  $M = 4.0$ , USA/Kan.,  $M = 5.0$ , önnur lönd,  $F = 2.76$ ,  $p = .027$ ).

## Samantekt

Ef niðurstöður eru einfaldaðar má segja að dæmigerður iðjuþjálfari, ung gift kona sem er tveggja barna móðir, með 11 ára starfsreynslu, hafi lokið námi í Danmörku á árunum 1981 til 1990 og sé með lægri heildartekjur en maki. Að hennar mati þótti henni grunnnámið í iðjuþjálfun undirbúa sig og hvetja best

varðandi persónulegan þroska og iðjuþjálfatækni. Hún hefur unnið á ýmsum sviðum innan heilbrigðisgeirans og vinnur í 80% starfi með öðrum iðjuþjálfum á sjúkrahúsi eða á endurhæfingarstöð. Skjólstaðingar hennar eru fullorðið fólk með fjölþætt vandamál en líkamleg einkenni eru í forgrunni. Hún leggur áherslu á fræðilega menntun og velur greiningarhæfni og hugmyndfræðilega þekkingu sem aðaláherslur í iðjuþjálfunarnáminu. Mikilvægast fyrir þróun fagsins eru að hennar mati kenningar sem skýra iðjuþörf mansins og að fræðipekking iðjuþjálfra verði sértæk. Samkvæmt þessu eru íslenskir iðjuþjálfar í takt við þær breytingar sem átt hafa sér stað í faginu svo sem áhersla á frekari fræðikunnáttu, sértæka fræðipekkingu og rannsóknir. Ganga má út frá því að fræðsluáttak það sem fræðslunefnd og skólanefnd IPÍ stóðu fyrir vegna námsbrautarinnar eigi þar stóran þátt. Áherslur í iðjuþjálfunarnámi hafa einnig breyst og meiri áhersla er nú lögð á grunnhugtök vísinda, faglega rökleiðslu og rannsóknir. Enda sýndi það sig í niðurstöðunum að þeir iðjuþjálfar sem höfðu minnst starfsreynslu töldu sig betur undirbúna varðandi þetta atriði, en þeir sem meiri starfsreynslu höfðu.

Í þessari rannsókn var farið yfir vítt svið og engin atriði skoðuð niður í kjölinn. Hér hefur verið safnað upplýsingum um lýðeinkenni stéttarinnar árið 1998 og hægt er að fylgjast með hvort einhverjar breytingar verði þar á í framtíðinni. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu því að vera hvati fyrir rannsakendur framtíðarinnar til þess að skoða einstök atriði frekar. Dæmi um þær rannsóknarspurningar sem leita þyrfti svara við eru: Verða gerðar fleiri rannsóknir innan iðjuþjálfunar? Mun íslenska námið undirbúa nemendur sína betur til að stunda rannsóknir, gera þá færari í faglegri rökleiðslu eða öðlast þeir betri þekkingu í hugmyndafræði? Hægt verður að bera þessa rannsókn saman við erlendar rannsóknir af sama toga. Við eigum glæsilega fulltrúa í okkar röðum sem hafa gert ótrúlega hluti í gegnum árin. Stéttin er afar ung enda ekki orðin þrítug. Um fertugt er starfsferill manna yfirleitt á toppnum. Hvað ætli verði þá efst á baugi hjá íslenskum iðjuþjálfum?

## Demographic characteristics of Icelandic occupational therapists

This survey was intended to reveal an overall view of the demographic characteristics of Icelandic occupational therapists and how they related to their profession. The survey also intended to reveal possible differences in opinion between therapists. The entire population of Icelandic occupational therapists were surveyed. There were 87 questionnaires sent out and 80 (92%) were returned and used for analysis.

The results revealed that a typical Icelandic occupational therapists were young married women having two children. They were educated in Denmark with a diploma between the years 1981 - 1990. They had 11 years of work experience, worked with other occupational therapists at hospitals or a rehabilitation centers, worked mainly with adults having physical problems.

The attitudes of the Icelandic occupational therapists were generally quite uniform, valuing academic skills over technical skills. T-tests and one-way ANOVAs ( $p < .05$ ) revealed some significant differences in a number of attitudes by education level, length of professional experience and country of education. This study will serve as a foundation for future studies on Icelandic occupational therapists, and provide reference data for later comparison.

*Höfundur er iðjuþjálfari MS og starfar sem forstöðumaður geðdeilda Landspítalans*

## Heimildaskrá

- Ásmundsdóttir, E. E. (1996a). Meistarinn og nemarnir sjö. *Iðjuþjálfinn*, 18, 30-34.
- Ásmundsdóttir, E. E. (1996b). Meistarinn og nemarnir sjö uppgötva Ameríku. *Iðjuþjálfinn*, 18, 9-14.
- Ásmundsdóttir, E. E. (1998). Meistararnir sjö. *Iðjuþjálfinn*, 20, 29-31.
- Barris, R., & Kielhofner, G. (1985). Generat-

ing and using knowledge in occupational therapy: Implications for professional education. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 5, 113-123.

- Bell, B. D., & Bell, J. K. (1972). Professionalism as a multidimensional perspective. *American Journal of Occupational Therapy*, 26, 391-398.
- Burke, J. P., & DePoy, E. (1991). An emerging view of mastery, excellence, and leadership in occupational therapy practice. *American Journal of Occupational Therapy*, 45, 1027-1032.
- Christiansen, C. H. (1983). Editorial: Research: An economic imperative. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 3, 195-198.
- Clark, F., Sharrott, G., Hill, D. J., & Campell, S. (1985). A comparison of impact of undergraduate and graduate education on professional productivity. *American Journal of Occupational Therapy*, 39, 155-162.
- Davidson, H. A. (1981). Commentary: 'Occupational therapy theory development: Knowledge and values held by recent graduates. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 1, 94-96.
- Fidler, G. (1979). Professional or nonprofessional. In *Occupational therapy: 2001 AD*. (pp. 31-36). Rockville, MD: AOTA.
- Fleming, M. H. (1985). Questionnaire No. 2. Unpublished manuscript.
- Fleming, M. H., & Piedmont, R. L. (1989). The relationship of academic degree and years in practice to occupational therapist's perceptions of the status of the profession and educational preparation. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 9, 101-113.
- Gape, N., & Hewin, P. (1995). A matter of degree: Has occupational therapy graduated as a profession? *British Journal of Occupational Therapy*, 58, 50-54.
- Gillette, N., & Kielhofner, G. (1979). The impact of specialization on the professionalization and survival of occupational therapy. *American Journal of Occupational Therapy*, 33, 20-28.
- Gilkeson, G. E., & Hanten, W. P. (1984). A comparative analysis of occupational therapy graduates from baccalaureate and entry-level master's degree

**Ef niðurstöður eru einfaldaðar má segja að dæmigerður iðjuþjálfafi sé ung gift tveggja barna móðir, með 11 ára starfsreynslu sem hefur lokið námi í Danmörku á árunum 1981 til 1990 og er með lægri heildartekjur en maki.**

- programs. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 4, 67-91.
- Hagedorn, R. (1995). The Casson Memorial Lecture 1995: An emergent profession - a personal perspective. *British Journal of Occupational Therapy*, 58, 324-331.
- Kelly, G. (1996). Feminist or feminine? The feminine principle in occupational therapy. *British Journal of Occupational Therapy*, 59, 2-6.
- Moser, C. A., & Kalton, G. (1971). *Survey methods in social investigation*. (2nd ed.) Glasgow: The University Press.
- Ottenbacher, K. (1990). Occupational therapy curricula and practice: Skill based or knowledge based. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 10, 7-11.
- Rogers, J. C., & Mann, W. C. (1980a). Relationship between professional productivity and educational level part 1. Review of the literature and methodology. *American Journal of Occupational Therapy*, 34, 378-392.
- Rogers, J. C., & Mann, W. C. (1980b). Relationship between professional productivity and educational level part 2. Result and discussion. *American Journal of Occupational Therapy*, 34, 460-468.
- Schuman, H., & Presser, S. (1981). *Questions and answers in attitudes surveys*. New York: Academic Press.
- Schwarz, N., & Sudan, S. (Eds.) (1996). *Answering questions: Methodology for determining cognitive and communicative process in survey research*. San Francisco: Jossey-Bass Publishers.
- Stefnumótun í málefnum geðsjúkra (1998). Skýrsla starfshóps sem Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra skipaði.
- Taylor, E. A., Mitchell, M. (1990). Research attitudes and activities of occupational therapy clinicians. *American Journal of Occupational Therapy*, 44, 350-355.
- Taylor, J. (1995). A different voice in occupational therapy. *British Journal of*

*Occupational Therapy*, 58, 170-173.

- Yerxa, E. J. (1982). The issue - A response to testing and measurement in occupational therapy: A review of current practice with special emphasis on the southern California sensory integration tests. *American Journal of Occupational Therapy*, 36, 399-404.
- Yerxa, E. J. (1983). Audacious values: The energy source of occupational therapy practice. In G. Kielhofner (Ed.), *Health through occupation: Theory and practice in occupational therapy* (pp. 149-162). Philadelphia: F.A. Davis.
- Yerxa, E. J. (1987). Research: The key to the development of occupational therapy as an academic discipline. *American Journal of Occupational Therapy*, 41, 415-419.
- Yerxa, E. J. (1991). Nationally Speaking - Occupational therapy: An endangered species or an academic discipline in the 21st century? *American Journal of Occupational Therapy*, 45, 8, 680-685.
- Yerxa, E. J. (1995). Who is the keeper of occupational therapy's practice and knowledge? *American Journal of Occupational Therapy*, 49, 295-299.
- Yerxa, E. J., & Sharrott, G. (1986). Liberal arts: The foundation for occupational therapy education. *American Journal of Occupational Therapy*, 40, 153-159.
- Van Deusen, J. (1981). Occupational therapy theory development: Knowledge and values held by recent graduates. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 1, 79-93.
- Van Deusen, J. (1985). Relationship of occupational therapist's education and experience to perceived value of theory development. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 5, 223-231.
- Van Deusen, J. (1986). Occupational therapy theory: Values held by undergraduate students. *The Occupational Therapy Journal of Research*, 6, 115-122.
- Van Deusen, J. (1993). Enhancing the research image of occupational therapy. *American Journal of Occupational Therapy*, 47, 181-183.
- Vogel, K. A. (1991). Perception of practitioners, educators, and students concerning the role of the occupational therapy practitioner. *American Journal of Occupational Therapy*, 45, 130-136.



## OSTUR Á ALLTAF VIÐ - BRAGÐGÓÐUR OG HOLLUR

Úrvalið af bitapökkuðu  
íslensku ostunum hefur aldrei  
verið meira. Prófaðu Havarti  
í súpuna, Gouda í salatið,  
Maribo á ofnréttinn og  
Óðalsostinn á brauðið.  
Möguleikarnir eru óteljandi.



WIE / JENSEN / VILHJ



www.ostur.is

Pú ert kominn á slóðina – eftirleikurinn verður auðveldur

# www.boksala.is

Á vefsíðuna okkar hefur þú gætt yfir þessu bókunum sem  
eru á boðstöðum, leitarvél til að finna dæmdu bækur, lista  
yfir ástæðendur og myndir til að fylja út ef þú vilt þetta.

**bóksala stúdenta**

Stúdentalæmningur við Hróngsborg • Sími 5700 777



**Landsbanki  
Íslands**  
Í forystu til framtíðar

## F Y R S T A H J Á L P !

### A U G N S K O L



Sláið ofan á lokið



skjótið tappanum af



og skolið

Sterisol augnskol - Handhægt hjálpartæki  
þegar aðskotaefni hefur farið í auga

**AUSTNES**

FISKISLÖÐ 90 • 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 551 8500 • BRÉFSÍMI 551 8501  
atlantic@isholf.is



# Aðalfundur

## Iðjupjálfafélags Íslands

Aðalfundurinn var haldinn í febrúar s.l. í Kornhlöðunni við Lækjarbrekku. Á fundinn mættu 44 félagsmenn, en um það bil 100 manns eru í félaginu. Dagskrá var hefðbundin samkvæmt lögum ÍPÍ. Formaður félagsins, Hope Knútsson flutti skýrslu stjórnar og stiklaði á því helsta frá síðasta starfsári. Hún lagði áherslu á það mikla starf sem unnið hefur verið í föstum nefndum og ýmsum starfshópum innan félagsins. Margvíslegar breytingar hafa átt sér stað sem meðal annars gera auknar kröfur til þeirra sem sinna störfum í fagstéttarfélagi eins og ÍPÍ. Má þar nefna síðustu kjarasamninga og tilkomu námsbrautarinnar.



Aðalfundurinn var haldinn í febrúar síðast liðnum í Kornhlöðunni við Lækjarbrekku. Á fundinn mættu 44 félagsmenn, en um það bil 100 manns eru í félaginu. Dagskrá var hefðbundin samkvæmt lögum ÍPÍ. Formaður félagsins, Hope Knútsson flutti skýrslu stjórnar og stiklaði á því helsta frá síðasta starfsári. Hún lagði áherslu á það mikla starf sem unnið hefur verið í föstum nefndum og ýmsum starfshópum innan félagsins. Margvíslegar breytingar hafa átt sér stað sem meðal annars gera auknar kröfur til þeirra sem sinna störfum í fagstéttarfélagi eins og ÍPÍ. Má þar nefna síðustu kjarasamninga og tilkomu námsbrautarinnar.

### Grundvallarbreyting

Hope kynnti einnig þá tillögu stjórnar um að halda aðalfund annað hvert ár, en markmiðið með þeirri breytingu væri að gefa stjórn og nefndum lengri starfstíma á milli aðalfunda. Á þann hátt væri unnt að nýta kraftana betur og tími gæfist til að sinna brýnum verkefnum. Mikill tími fer ávallt í undirbúning aðalfundar og þá gerist ekki mikið annað hjá stjórninni. Á milli aðalfunda yrði unnið að eflingu innra starfs og félagið gæti til dæmis staðið fyrir þemadegi eða ráðstefnu sem einnig ætti erindi til almennings. Hope lauk orðum sínum með því að þakka samstarfið í gegnum árin, en

hún lætur nú af störfum sem formaður ÍPÍ eftir að hafa gegnt því embætti í 22 ár eða frá stofnun félagsins. Fundarmenn þökkðu fráfarandi formanni með dúndrandi lófataki og risu úr sætum í virðingarskyni. Reikningar yfirfarnir af skoðunarmönnum voru lagðir fram af gjaldkera og samþykktir. Því næst voru skýrslur fastra nefnda á dagskrá og þar á eftir var kosið í stjórn og nefndir. Það tókst að manna allar nefndir félagsins. Lagabreytinga-tillögur voru bornar upp til atkvæða í heild sinni og samþykktar með 38 atkvæðum, enginn greiddi atkvæði gegn tillögunum. Sú megin breyting var gerð að hér eftir verður aðalfundur ÍPÍ haldinn annað hvert ár í stað árlega.

### Opnun heimasíðu

Að loknum hefðbundnum dagskrárliðum var sjónum beint að öðrum málum. Stjórnin hafði unnið að hönnun vefsíðu um félagið og hafði Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir veg og vanda að því verki. Heimasíðan var opnuð formlega með lúðrablæstri fráfarandi formanns sem einnig klippti á borða af þessu tilefni. Guðrún Kristín mun gegna hlutverki heimasíðuvarðar í náninni framtíð og ljóst að þessi upplýsingaleið býður upp á ýmsa möguleika til þess að kynna fagið meðal almennings. Guðrún Pálmadóttir brautarstjóri Iðjupjálfunarbrautar

**Hope Knútsson fráfarandi formanni færður þakklætisvottur fyrir vel unnin störf síðustu 22 árin**

# Iðjubjálfafélag Íslands

|                                |                         |
|--------------------------------|-------------------------|
| ◆ Um iðjubjálfun               | ◆ Nám                   |
| ◆ Lög um iðjubjálfun           | ◆ Fræðsla og rannsóknir |
| ◆ Lög Iðjubjálfafélags Íslands | ◆ Á döfinni             |
| ◆ Starfsemi                    | ◆ Kjaramál              |
| ◆ Áhugaverðar vefsíður         | ◆ English               |

Iðjubjálfafélag Íslands, Pósthólf 8845, 128 Reykjavík  
Sími 462-2505

Netfang félags: [iðjuthjalfun@islandia.is](mailto:iðjuthjalfun@islandia.is) Netfang formanns: [kristin@islandia.is](mailto:kristin@islandia.is)

Vefslóð: [www.islandia.is/~idjuthjalfun/](http://www.islandia.is/~idjuthjalfun/)

Helmasíða ÍBÍ

greindi frá nýjustu fréttum af samstarfi Háskólans á Akureyri við Dalhousie háskólann í Halifax, en samningur um fjarnám til meistaraþráðu fyrir íslenska iðjubjálfa er á tröppunum. Því næst stigu þær Guðrún Pálmadóttir, Anne Grethe Hansen og Ingibjörg Ásgeirsdóttir á stökk og rifjuðu upp liðin ár í félagsstarfinu í máli og myndum. Þær færðu Hope Knútsson fráfarandi formanni gjöf sem þakklætisvott frá félagsmönnum fyrir vel unnin störf og vaska framgöngu fyrir hönd íslenskra iðjubjálfa síðustu 22 árin. Hope var fært handsmiðað hálsmen úr silfri, hannað af Hansínu Jens gullsmið. Að loknum dýrindis hádegisverði á Lækjarbrekku safnaðist fólk saman á ný til þess að hlýða á fyrirlestur dagsins. Elín Ebba Ásmundsdóttir greindi frá rannsókn sinni um „Faglega þróun iðjubjálfunar og viðhorf íslenskra iðjubjálfa til fag- og menntamála“, en rannsóknin var lokaverkefni hennar til meistaraþrófs. Niðurstöður hennar vöktu mikinn áhuga þeirra sem á hlýddu. Elín Ebba birtir fyrri grein sína um niðurstöður rannsóknarinnar hér í blaðinu.

## Nýr formaður

Uppstillinganefnd hafði unnið ötullega að því að leita framboða í stjórn og nefndir, en enginn hafði gefið kost á sér í formannssætið. Auk Hope Knútsson gengu þær Sigríður Kr. Gísladóttir og Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir úr stjórn. Þar sem ekki var útlit fyrir að nýr formaður tæki við á þessum fundi var ljóst að ekki

myndi takast að ljúka aðalfundarstörfum og því var boðað til framhaldsaðalfundar. Aðalfundi var því fram haldið í mars og nýr formaður kosinn. Kristín Sigursveinsdóttir iðjubjálfi á Akureyri bauð sig fram til formanns og var henni fagnað með áköfu lófataki á þeim fundi. Hjá sumum fundarmönnum voru uppi vangaveltur um hvernig stjórn myndi starfa með formanninn búsettan fyrir norðan, en því var til svarað að öll tækni væri fyrir hendi til þess að yfirstíga slík vandamál. Það er þó ljóst að félagið þarf nú að standa straum af meiri kostnaði vegna stjórnarstarfs.

## Skipan í stjórn og nefndir

Skipan í stjórn og nefnir félagsins fyrir tímabilið 1999-2001 verður sem hér segir:

### • Stjórn ÍBÍ:

Kristín Sigursveinsdóttir formaður, Sigríður Pétursdóttir varaformaður, Oddrún Lilja Birgisdóttir gjaldkeri, Þóra Leósdóttir ritari og Sigríður Bjarnadóttir meðstjórnandi.

### • Fræðslunefnd:

Berglind Ásgeirsdóttir, Guðbjörg Dóra Tryggvadóttir, Erna Magnúsdóttir og Fanney Karlsdóttir.

### • Ritnefnd:

Erla Björk Sveinbjörnsdóttir, Guðný Katrín Einarsdóttir, Soffía Haraldsdóttir og Þóra Leósdóttir.

### • Kjaranefnd:

Rósa Hauksdóttir, Sigríður Kr. Gísladóttir, Sigríður Pétursdóttir, Hlín Guðjónsdóttir, Anna G. Arnardóttir varaformaður og Sigrún Garðarsdóttir einnig varaformaður.

### • Stjórn Vísindasjóðs:

Helga Guðjónsdóttir, Björg Þórðardóttir og Kristjana Ólafsdóttir.

### • Stjórn Fræðslusjóðs:

Elín Ebba Ásmundsdóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Valrós Sigurbjörnsdóttir.

### • Fulltrúar í Samtökum heilbrigðisstétta:

Elín Ebba Ásmundsdóttir og Hildur Þráinsdóttir

### • Fulltrúar í Öldrunarráði Íslands:

Rósa Hauksdóttir og Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir.

### • Heimsamband iðjubjálfa (WFOT):

Hope Knútsson aðalfulltrúi, Lilja Ingvarson 1. varafultrúi og Sigrún Garðarsdóttir 2. varafultrúi.

### • Fulltrúar í Evrópusamtökum iðjubjálfa (COTEC):

Hope Knútsson og Kristjana Fenger.

### • Skoðunarmenn reikninga:

Gerður Gústavsdóttir og Lilja Ingvars.

PL



**Stjórn ÍPÍ 1999-2001:**  
F.v. Kristín Sigursveins-  
dóttir, Sigríður Péturs-  
dóttir, Oddrún Lilja  
Birgisdóttir, Sigríður  
Bjarnadóttir og Þóra  
Leósdóttir



**Svipmyndir frá  
aðalfundi ÍPÍ.**



# Iðjubjálfunarbraut Háskólans á Akureyri

*-hugmyndafræði, markmið og skipulag*



Guðrún Pálmadóttir

Til þess að nám verði heilsteyp þarf hugmyndafræði þess sem og markmið að vera skýr, en þau eru forsenda námskrágerðar og eiga að endurspeglast í námsskránni. Hugmyndafræði og markmið fyrir íslenskt nám í iðjubjálfun hafa verið í smíðum síðan 1995. Sumarið 1997 voru þessi atriði orðin nægilega mótuð til þess að hægt væri að setja saman námskrá í iðjubjálfun sem byggðist á þeim. Þær hugmyndir sem þá voru skráðar á blað hafa síðan verið að þróast og skerpast. Í þeim skrifum sem hér fara á eftir er skýrt frá hugmyndafræði og markmiðum iðjubjálfunarbrautar Háskólans á Akureyri í núverandi mynd. Þá er einnig gerð grein fyrir nálgun og aðferðum í kennslu innan þessara hugmyndafræðilegu ramma sem stuðla að því að settum markmiðum sé náð.

**Iðjubjálfunarbraut-  
in hefur það að leið-  
arljósi að vera í far-  
arbroddi hvað varðar  
þróun iðjubjálfunar  
hér á landi ásamt því  
að vera virkur þátt-  
takandi í alþjóðlegu  
samstarfi.**

## Hlutverk

Í lögum Háskólans á Akureyri segir að hann skuli vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, gegna ýmsum störfum í atvinnulífinu, öðrum ábyrgðarstöðum og stunda frekara háskólanám (Lög um Háskólann á Akureyri nr. 51/1992). Iðjubjálfunarbraut er starfrækt í anda þessarar yfirlýsingar og menntar nemendur til BS-gráðu í iðjubjálfun, sem veitir þeim löggildingu og starfsréttindi sem iðjubjálfar (Lög um iðjubjálfun nr. 75/1977).

Nám í iðjubjálfun við Háskólann á Akureyri tekur mið af þörfum íslensks samfélags jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli (WFOT, 1993). Það undirbýr nemendur markvisst til að takast á við fjölbreytt verkefni innan heilbrigðis- og félagsþjónustu.

## Hugsjón

Iðjubjálfunarbraut Háskólans á Akureyri lætur sig varða heilsu og lífsgæði landsmanna og leggur áherslu á að þjónusta iðjubjálfa sé í boði þar sem hennar er þörf (Háskólinn á Akureyri, 1997; Guðrún Pálmadóttir, 1997). Stefnt er að því að auka vegsemd fræðigreinarinnar og sjá til þess að hún þróist í takt við nýja þekkingu og breytilegar þarfir þjóðfélagsins. Iðjubjálfunarbrautin hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi hvað varðar þróun iðjubjálfunar hér á landi ásamt því að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Til að mæta þessum hugsjónum er lögð áhersla á að:

- skapa samfélag sem ýtir undir þekkingaröflun, víðsýni, markviss vinnubrögð og samstarf og gerir um leið kröfur um gæði, áreiðanleika og fjölbreytni
- byggja umhverfi opinna boðskipta sem ýtir undir nýbreytni og sköpunarmátt og metur að verðleikum framlag kennara og nemenda
- stuðla að samvinnu og samræmingu milli brauta háskólans til að auka gæði menntunar til hagsbóta fyrir nemendur og aðra neytendur þjónustu

## Sjónarmið er varða iðjubjálfun

Iðjubjálfun byggir á þeirri hugmynd að það sé mikilvægt fyrir heilsu og vellíðan fólks að móta og stunda iðju sem samræmist eigin þörfum og áhuga og sé í takt við kröfur og venjur samfélagsins. Með iðju er átt við öll þau verk og at-



hafnir sem fólk tekur þátt í til að annast sjálft sig (eigin umsjá), njóta lífsins (leikur og tómstundaiðja) og vera nýttir þjóðfélagsþegnar (störf) (AOTA, 1994; CAOT, 1996; Iðjupjálfafélag Íslands, 1996; Mossey, 1981; Snæfríður Þóra Egilson, 1997). Gengið er út frá þeirri forsendu að fólk sé í eðli sínu virkt og haldið athafnaþörf. Þessari þörf er fullnægt með margs konar iðju sem veitir tilgang, ýtir undir alhliða þroska og eykur færni. Iðja mótast af samspili manna við umhverfið og með iðju sinni getur maðurinn haft áhrif á eigin hæfni og umhverfi sitt (Reilly, 1962). Röskun á iðju getur bæði verið orsök eða afleiðing líkamlegra og andlegra kvilla. Langvarandi röskun á iðju er skaðleg heilsu manna, hún dregur úr þroska-möguleikum og hefur því veruleg áhrif á lífshlaup fólks.

Störf iðjupjálfa byggja á iðjuvísindum og tengslum iðju og heilsu. Helstu hlutverk iðjupjálfa er að auðvelda fólki að móta og taka virkan þátt í iðju sem er því mikilvæg og stuðlar að auknu sjálfræði og lífsfyllingu. Því eru skjólstæðingar iðjupjálfa oft einstaklingar eða hópar sem hafa vegna röskunar á þroska, veikinda, áfalla eða öldrunar takmarkaða möguleika til iðju. Iðjupjálfar veita einnig félagsamtökum þjónustu sem og stofnunum eða stjórnsýslu sem geta haft áhrif á heilsufar fólks og möguleika þess til að velja og stunda iðju (CAOT, 1997).

Iðjupjálfar taka mið af reynslu og þörfum skjólstæðinga sinna og leggja áherslu á mikilvægi þessa í þjónustu við þá. Þjónustuferli iðjupjálfa er skjólstæðingsmiðað, þar sem eftirfarandi grundvallarsjónarmið eru í brennidepli:

- virðing fyrir einstaklingnum og framlagi hans til eflingar eigin færni við iðju
- heildarsýn á manninum og gildi iðju fyrir þroska hans, aðlögun og lífsfyllingu
- notkun iðju á markvissan hátt til að auka færni og koma í veg fyrir röskun á færni
- þroskahugtakið og tengsl þroska við breytileg viðfangsefni mismunandi æviskeiða
- samspil einstaklings og umhverfis og mikilvægi þess í mótun hlutverka er fela í sér iðju

## Helsta hlutverk iðjupjálfa er að auðvelda fólki að móta og taka virkan þátt í iðju sem er því mikilvæg og stuðlar að auknu sjálfræði og lífsfyllingu.

(CAOT, 1996; Christiansen, 1991; Kielhofner, 1992; Kielhofner, 1995).

### Sjónarmið er varða nám

Nám í iðjupjálfun á sér stað í samskiptum nemenda við kennara, starfandi iðjupjálfa og skjólstæðinga. Sú reynsla er nemendur öðlast í samskiptum við námsumhverfið þarf að vera á þann veg að hún nái til allra sviða mannlegra hæfileika og byggji upp traustan þekkingargrunn, móti viðhorf og þjálfari leikni (Bloom o. fl., 1956). Í námi á iðjupjálfunarbraut er notuð hugmynd Kielhofners um þróun færni í starfshlutverkum. Á fyrsta stigi þessa þróunarferlis er einstaklingurinn að prófa sig áfram við ýmis verkefni er tengjast starfinu. Á næsta stigi finnur einstaklingurinn að hann ræður við verkefni og fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru. Á lokastigi hefur hann náð að byggja upp stöðuga starfsmynd og fullnægir eigin metnaðarþörf (Kielhofner, 1985; Dalhousie University, 1990). Námsumhverfi þarf að vera á þann veg að það bjóði upp á fjölbreytt tækifæri og stuðning við nemendur í gegnum þetta ferli.

Mikilvægt er að gefa nemendum kost á að hafa áhrif á og stýra að nokkru leyti eigin námi í ljósi þeirrar staðreyndar að nám er lífstíðarverkefni (Dalhousie University, 1996; University of Western Ontario, 1997). Starf iðjupjálfa krefst gagnrýni og frumleika í hugsun, faglegrar rökleiðslu, leikni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkenndar, sveigjanleika og þors og því er áriðandi að námið ýti undir og efla þessa eiginleika meðal nemenda (University of Western Ontario, 1997). Fjölbreytt reynsla nemanda undirbýr hann fyrir hin margvíslegu hlutverk iðjupjálfa sem þjálfari, talsmaður, ráðgjafi, leiðbeinandi, fræðimaður, rannsóknaraðili, skipuleggjandi þjónustu, stefnumótandi eða stjórnandi.

Nám í iðjupjálfun er bæði fræðilegt og verklegt, en ákveðið jafnvægi þarf að

ríkja milli breiddar og dýptar á mismunandi þekkingarsviðum. Þekking iðjupjálfa kemur frá iðjuvísindum, raunvísindum, hug- og félagsvísindum og heilbrigðisvísindum. Þessi þekkingargrunnur gerir iðjupjálfa færa um að greina og hafa áhrif á færni við iðju, andlega og líkamlega heilsu, aðlögun einstaklinga og hópa og afleiðingar sjúkdómsferlis.

### Markmið

Iðjupjálfunarbraut Háskólans á Akureyri hefur það að markmiði að veita nemendum sínum þá bestu menntun sem möguleg er á hverjum tíma. Nemendur sem útskrifast af iðjupjálfunarbraut eiga að vera sjálfstæðir fagmenn sem sýna hollustu gagnvart iðjupjálfun sem fræðigrein og starfi. Ennfremur að þeir líti á ögrun sem tækifæri til að eflast í hlutverki iðjupjálfa.


*Iðjupjálfunarbraut leggur áherslu á að nemendur tileinki sér þekkingu og atferli sem einkennist af:*

- gagnrýni í öflun og úrvinnslu upplýsinga er varða færni skjólstæðinga, leiðir til að efla færni og annað er viðkemur þróun iðjupjálfa
- faglegum samskiptum við skjólstæðinga, aðstandendur þeirra, samstarfsfólk og aðra
- fagmennsku í vinnubrögðum bæði er varðar þjónustu við skjólstæðinga, sértæk verkefni og samstarf
- faglegri rökleiðslu og íhugun sem leiðir ákvarðanatöku og mat í tengslum við þá þjónustu sem iðjupjálfar veita

*Iðjupjálfar útskrifaðir frá Háskólanum á Akureyri skulu við námslok búa yfir þekkingu, viðhorfum og leikni sem gerir þá færa um að:*

- kynna hugmyndafræði og tilgang iðjupjálfa og umfang þeirrar þjónustu sem iðjupjálfar veita
- sýna fagmennsku og ábyrgð og starfa í samræmi við siðareglur Iðjupjálfafélags Íslands
- ákvarða hvaða einstaklingar hafi gagn af þjónustu iðjupjálfa, meta færni þeirra við daglega iðju og hæfni þeirra og aðstæður í tengslum við þau hlutverk sem þeir gegna
- skipuleggja innihald og fyrirkomulag

# Líkan af námi í iðjubjálfun



1. mynd:

þjónustu í samræmi við þarfir og markmið skjólstæðinga

- veita þjónustu við hæfi og sem er innan ramma samspils iðju, einstaklings og umhverfis
- meta þá þjónustu sem veitt hefur verið
- stuðla að gæðapróun í iðjubjálfun

## Námslíkan

Námslíkaninu er ætlað að sýna hvernig þau sjónarmið er varða iðjubjálfun og nám eru samþætt markmiðum brautarinnar. Líkan af námi í iðjubjálfun við Háskólann á Akureyri lýsir bæði innihaldi og ferli námsins (sjá 1. mynd). Auk þess dregur það fram þau atriði í umhverfinu sem hafa áhrif á mótun nemanda og sýnir til hvaða vísindasviða þekking og reynsla eru sótt. Þá sýnir líkanið einnig hvernig samspil þekkingar og reynslu á námsferlinum gefur nemendum tækifæri til að byggja upp sterka starfsmynd og fagvitund. Í líkaninu kemur fram hvernig námið er leitt af fræðasýn iðjubjálfa með iðjuhugtakið að leiðarljósi. Þá endurspeglar það einnig viðhorf iðjubjálfa til heilsu og hvernig þjónusta iðjubjálfa byggir á traustum hugmyndafræðilegum grunni. Þetta líkan byggir meðal annars á hugmyndum frá eldra líkani af íslensku námi í iðjubjálfun (Maguire o. fl., 1995) og líkani af iðjubjálfunarnámi við há-

**Nám í iðjubjálfun er bæði fræðilegt og verklegt og ákveðið jafnvægi þarf að ríkja milli breiddar og dýptar á mismunandi þekkingarsviðum. Þekking iðjubjálfa kemur frá iðjuvísindum, raunvísindum, hug- og félagsvísindum og heilbrigðisvísindum.**

skólann í Western Ontario í Kanada (University of Western Ontario, 1997).

## Kennsluaðferðir

Í kennslu á iðjubjálfunarbraut er tekið tillit til þess að fólk lærir á mismunandi hátt og nýtir sér því hina ýmsu kennsluhætti misvel (Kolb, 1984). Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur styrki þá námshætti sem eru þeim síður tamir. Til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda er í kennslunni leitast við að gefa nemendum viðfangsefni sem krefjast bæði reynslu og rökhusunar ásamt því að hvetja ýmist til íhugunar eða aðgerða.

Kennsla fer fram í ýmsu formi. Notaðir eru hefðbundnir fyrirlestrar, verklegir tímar, umræðutímar og sjálfvalin, sjálfstýrð einstaklings- og hópverkefni. Nemendur fá þjálfun í að gera grein fyrir viðfangsefnum í bæði töluðu og rituðu máli og skila verkefnum ýmist skriflega eða munnlega. Töluvert er um ein-

staklingsleiðsögn, einkanlega í verk-námi. Áhersla á sjálfstýrt nám eykst er á námið liður og nemendur öðlast meira öryggi ásamt því ráða yfir fjölbreyttari leiðum til úrlausnar. Jafnframt eru viðfangsefni í náminu skipulögð á þann veg að þau gera síauknar kröfur til gagnrýni í hugsun, samskipta, rökleiðslu og faglegra vinnubragða. Til að efla bæði sundurleita (*divergent*) og samleita (*convergent*) hugsun eru notaðar mismunandi aðferðir við úrlausnir vandamála svo sem PBL (problem-based learning) og vinna með lesin, leikin eða raunveruleg skjólstæðingstílfelli. Samþætting þessara aðferða hvetur nemandann til að skoða viðfangsefni út frá mismunandi sjónarhornum og íhuga ólíkar leiðir áður en ákveðin leið er valin (University of Western Ontario, 1997).

Í verknámi er lögð áhersla á að nemendur kynnist mismunandi starfsumhverfi og skjólstæðingshópum er kunna að kalla á ólíka nálgun og vinnubrögð. Með því móti gefst nemendum tækifæri til að þróa og samþætta mismunandi leiðir í faglegri rökleiðslu (Mattingly og Fleming, 1994).

## Námsskipulag

Nám í iðjubjálfun tekur fjögur ár og lýkur með BS prófi. Námið er 120 námsein- ingar eða um það bil 30 einingar á ári. Nemandi verður að ljúka fyrri hluta, það

### 2. mynd:

### Námsferli

|                        | Einingar |       |       |       | Ein. samt. | Verknám   |
|------------------------|----------|-------|-------|-------|------------|-----------|
|                        | 1. ár    | 2. ár | 3. ár | 4. ár |            |           |
| Maðurinn sem iðjuvera  | 21       | 10    |       |       | 31         |           |
| Iðja mannsins          | 6        | 12    | 4     |       | 22         | I         |
| Röskun á iðju          |          | 5     | 9     |       | 14         | II        |
| Efling iðju            |          | 5     | 20    | 13    | 38         | III og IV |
| Þróun þekkingar á iðju | 3        |       |       | 12    | 15         |           |
| Alls:                  | 30       | 32    | 33    | 25    | 120        |           |

## Námsskipulag - yfirlit

### Fyrri hluti

#### I. ár

##### Námskeið á haustmisseri

|                           |        |
|---------------------------|--------|
| Inngangur að iðjuþjálfun  | 2 ein  |
| Líffærafræði I: Stoðkerfi | 3 ein  |
| Vefja- og frumulíffræði   | 4 ein. |
| Heimspeki                 | 3 ein. |
| Sálfræði                  | 3 ein. |

##### Námskeið á vormisseri

|                                           |        |
|-------------------------------------------|--------|
| Hugmyndafr. og kenningar í iðjuþj. 4 ein. | ein.   |
| Líffærafræði II: Innri líffæri            | 2 ein  |
| Lífeðlisfræði                             | 3 ein  |
| Hreyfingafræði                            | 3 ein. |
| Tölfræði og fræðileg vinnubr.             | 3 ein. |
| Hópefli                                   | 0 ein. |

---

**30 ein.**

#### II. ár

##### Námskeið á haustmisseri

|                              |        |
|------------------------------|--------|
| Iðja I: Eigin umsjá          | 4 ein. |
| Líffærafræði III: Taugakerfi | 3 ein. |
| Heilsufélagsfræði            | 4 ein. |
| Vöxtur og þroski             | 3 ein. |
| Matsaðferðir                 | 2 ein. |

##### Námskeið á vormisseri

|                                  |        |
|----------------------------------|--------|
| Iðja II: Leikir og tómstundaiðja | 4      |
| Inngangur að íhlutun             | 3 ein. |
| Hegðun og heilastarf             | 3 ein. |
| Heilbrigðisfræðsla               | 2 ein. |
| Meinafræði                       | 2 ein. |
| Verknám I (4 vikur/mars-apríl)   | 2 ein. |

---

**32 ein.**

### Síðari hluti

#### III. ár

##### Námskeið á haustmisseri

|                                 |        |
|---------------------------------|--------|
| Iðja III: Störf                 | 4 ein. |
| Tæknileg úrræði og hjálpartæki  | 3 ein. |
| Geðheilsa                       | 3 ein. |
| Vefrænir sjúkdómar              | 3 ein. |
| Verknám II (6 vikur/15.okt-nóv) | 3 ein. |

##### Námskeið á vormisseri

|                            |        |
|----------------------------|--------|
| Íhlutun iðjuþjálfar I:     |        |
| Taugaþroskafræðileg nálgun | 5 ein. |
| Íhlutun iðjuþjálfar II:    |        |
| Sálfélagsleg nálgun        | 5 ein. |
| Íhlutun iðjuþjálfar III:   |        |
| Lífaflfræði og endurhæfing | 5 ein  |
| Stjórnun og handleiðsla    | 2 ein  |

---

**33 ein**

#### IV. ár

##### Námskeið á haustmisseri

|                              |        |
|------------------------------|--------|
| Verknám III (7 vikur/ág-okt) | 4 ein. |
| Íhlutun iðjuþjálfar IV:      |        |
| Rökleiðsla og samþætting     | 5 ein. |
| Aðferðafræði                 | 3 ein. |

##### Námskeið á vormisseri

|                               |        |
|-------------------------------|--------|
| Verknám IV (8 vikur/jan-febr) | 4 ein. |
| Málstofa í iðjuþjálfun        | 3 ein. |
| BS verkefni                   | 6 ein. |

---

**25 ein**



### 3. mynd:

## Námsskipulag - yfirlit

### Fyrri hluti

#### I. ár

##### Námskeið á haustmisseri

|                           |        |
|---------------------------|--------|
| Inngangur að iðjuþjálfun  | 2 ein  |
| Líffærafræði I: Stoðkerfi | 3 ein  |
| Vefja- og frumulíffræði   | 4 ein. |
| Heimspeki                 | 3 ein. |
| Sálfræði                  | 3 ein. |

##### Námskeið á vormisseri

|                                               |                |
|-----------------------------------------------|----------------|
| Hugmyndafr. og kenningar í iðjuþj. 4 ein ein. |                |
| Líffærafræði II: Innri líffæri                | 2 ein          |
| Lífeðlisfræði                                 | 3 ein          |
| Hreyfingafræði                                | 3 ein.         |
| Tölfræði og fræðileg vinnubr.                 | 3 ein.         |
| Hópefli                                       | 0 ein.         |
|                                               | <b>30 ein.</b> |

#### II. ár

##### Námskeið á haustmisseri

|                              |        |
|------------------------------|--------|
| Iðja I: Eigin umsjá          | 4 ein. |
| Líffærafræði III: Taugakerfi | 3 ein. |
| Heilsufélagsfræði            | 4 ein. |
| Vöxtur og þroski             | 3 ein. |
| Matsaðferðir                 | 2 ein. |

##### Námskeið á vormisseri

|                                  |                |
|----------------------------------|----------------|
| Iðja II: Leikir og tómstundaiðja | 4              |
| Inngangur að íhlutun             | 3 ein.         |
| Hegðun og heilastarf             | 3 ein.         |
| Heilbrigðisfræðsla               | 2 ein.         |
| Meinafræði                       | 2 ein.         |
| Verknám I (4 vikur/mars-apríl)   | 2 ein.         |
|                                  | <b>32 ein.</b> |

### Síðari hluti

#### III. ár

##### Námskeið á haustmisseri

|                                  |        |
|----------------------------------|--------|
| Iðja III: Störf                  | 4 ein. |
| Tæknileg úrræði og hjálpartæki   | 3 ein. |
| Geðheilsa                        | 3 ein. |
| Vefrænir sjúkdómar               | 3 ein. |
| Verknám II (6 vikur/15. okt-nóv) | 3 ein. |

##### Námskeið á vormisseri

|                            |               |
|----------------------------|---------------|
| Íhlutun iðjuþjálfar I:     |               |
| Taugabroskafræðileg nálgun | 5 ein.        |
| Íhlutun iðjuþjálfar II:    |               |
| Sálfélagsleg nálgun        | 5 ein.        |
| Íhlutun iðjuþjálfar III:   |               |
| Lífaflfræði og endurhæfing | 5 ein         |
| Stjórnun og handleiðsla    | 2 ein         |
|                            | <b>33 ein</b> |

#### IV. ár

##### Námskeið á haustmisseri

|                              |        |
|------------------------------|--------|
| Verknám III (7 vikur/ág-okt) | 4 ein. |
| Íhlutun iðjuþjálfar IV:      |        |
| Rökleiðsla og samþætting     | 5 ein. |
| Aðferðafræði                 | 3 ein. |

##### Námskeið á vormisseri

|                               |               |
|-------------------------------|---------------|
| Verknám IV (8 vikur/jan-febr) | 4 ein.        |
| Málstofa í iðjuþjálfun        | 3 ein.        |
| BS verkefni                   | 6 ein.        |
|                               | <b>25 ein</b> |

hafnir sem fólk tekur þátt í til að annast sjálft sig (eigin umsjá), njóta lífsins (leikur og tómstundaiðja) og vera nýtir þjóðfélagsþegnar (störf) (AOTA, 1994; CAOT, 1996; Iðjupjálfafélag Íslands, 1996; Mosey; 1981; Snæfríður Þóra Egilson, 1997). Gengið er út frá þeirri forsendu að fólk sé í eðli sínu virkt og haldið athafnaþörf. Þessari þörf er fullnægt með margs konar iðju sem veitir tilgang, ýtir undir alhliða þroska og eykur færni. Iðja mótast af samspili manna við umhverfið og með iðju sinni getur maðurinn haft áhrif á eigin hæfni og umhverfi sitt (Reilly, 1962). Röskun á iðju getur bæði verið orsök eða afleiðing líkamlegra og andlegra kvilla. Langvarandi röskun á iðju er skaðleg heilsu manna, hún dregur úr þroskamöguleikum og hefur því veruleg áhrif á lífshlaup fólks.

Störf iðjupjálfa byggja á iðjuvísindum og tengslum iðju og heilsu. Helstu hlutverk iðjupjálfa er að auðvelda fólki að móta og taka virkan þátt í iðju sem er því mikilvæg og stuðlar að auknu sjálfræði og lífsfyllingu. Því eru skjólstæðingar iðjupjálfa oft einstaklingar eða hópar sem hafa vegna röskunar á þroska, veikinda, áfalla eða öldrunar takmarkaða möguleika til iðju. Iðjupjálfar veita einnig félagasamtökum þjónustu sem og stofnunum eða stjórnsýslu sem geta haft áhrif á heilsufar fólks og möguleika þess til að velja og stunda iðju (CAOT, 1997).

Iðjupjálfar taka mið af reynslu og þörfum skjólstæðinga sinna og leggja áherslu á mikilvægi þessa í þjónustu við þá. Þjónustuferli iðjupjálfa er skjólstæðingsmiðað, þar sem eftirfarandi grundvallarsjónarmið eru í brennidepli:

- virðing fyrir einstaklingnum og framlagi hans til eflingar eigin færni við iðju
- heildarsýn á manninum og gildi iðju fyrir þroska hans, aðlögun og lífsfyllingu
- notkun iðju á markvissan hátt til að auka færni og koma í veg fyrir röskun á færni
- þroskahugtakið og tengsl þroska við breytileg viðfangsefni mismunandi æviskeiða
- samspil einstaklings og umhverfis og mikilvægi þess í mótun hlutverka er fela í sér iðju

## Helsta hlutverk iðjupjálfa er að auðvelda fólki að móta og taka virkan þátt í iðju sem er því mikilvæg og stuðlar að auknu sjálfræði og lífsfyllingu.

(CAOT, 1996; Cristiansen, 1991; Kielhofner, 1992; Kielhofner, 1995).

### Sjónarmið er varða nám

Nám í iðjupjálfun á sér stað í samskiptum nemenda við kennara, starfandi iðjupjálfa og skjólstæðinga. Sú reynsla er nemendur öðlast í samskiptum við námsumhverfið þarf að vera á þann veg að hún nái til allra sviða mannlegra hæfileika og byggi upp traustan þekkingargrunn, móti viðhorf og þjálfari leikni (Bloom o. fl., 1956). Í námi á iðjupjálfunarbraut er notuð hugmynd Kielhofners um þróun færni í starfshlutverkum. Á fyrsta stigi þessa þróunarferlis er einstaklingurinn að prófa sig áfram við ýmis verkefni er tengjast starfinu. Á næsta stigi finnur einstaklingurinn að hann ræður við verkefni og fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru. Á lokastigi hefur hann náð að byggja upp stöðuga starfsmynd og fullnægir eigin metnaðarþörf (Kielhofner, 1985; Dalhousie University, 1990). Námsumhverfi þarf að vera á þann veg að það bjóði upp á fjölbreytt tækifæri og stuðning við nemendur í gegnum þetta ferli.

Mikilvægt er að gefa nemendum kost á að hafa áhrif á og stýra að nokkru leyti eigin námi í ljósi þeirrar staðreyndar að nám er lífstíðarverkefni (Dalhousie University, 1996; University of Western Ontario, 1997). Starf iðjupjálfa krefst gagnrýni og frumleika í hugsun, faglegar rökleiðslu, leikni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkenndar, sveigjanleika og þors og því er áriðandi að námið ýti undir og efli þessa eiginleika meðal nemenda (University of Western Ontario, 1997). Fjölbreytt reynsla nemanda undirbýr hann fyrir hin margvíslegu hlutverk iðjupjálfa sem þjálfari, talsmaður, ráðgjafi, leiðbeinandi, fræðimaður, rannsóknaraðili, skipuleggjandi þjónustu, stefnumótandi eða stjórnandi.

Nám í iðjupjálfun er bæði fræðilegt og verklegt, en ákveðið jafnvægi þarf að

ríkja milli breiddar og dýptar á mismunandi þekkingarsviðum. Þekking iðjupjálfa kemur frá iðjuvísindum, raunvísindum, hug- og félagsvísindum og heilbrigðisvísindum. Þessi þekkingargrunnur gerir iðjupjálfa færa um að greina og hafa áhrif á færni við iðju, andlega og líkamlega heilsu, aðlögun einstaklinga og hópa og afleiðingar sjúkdómsferlis.

### Markmið

Iðjupjálfunarbraut Háskólans á Akureyri hefur það að markmiði að veita nemendum sínum þá bestu menntun sem möguleg er á hverjum tíma. Nemendur sem útskrifast af iðjupjálfunarbraut eiga að vera sjálfstæðir fagmenn sem sýna hollustu gagnvart iðjupjálfun sem fræðigrein og starfi. Ennfremur að þeir líti á ögrun sem tækifæri til að eflast í hlutverki iðjupjálfa.

*Iðjupjálfunarbraut leggur áherslu á að nemendur tileinki sér þekkingu og atferli sem einkennist af:*

- gagnrýni í öflun og úrvinnslu upplýsinga er varða færni skjólstæðinga, leiðir til að efla færni og annað er viðkemur þróun iðjupjálfunar
- faglegum samskiptum við skjólstæðinga, aðstandendur þeirra, samstarfsfólk og aðra
- fagmennsku í vinnubrögðum bæði er varðar þjónustu við skjólstæðinga, sértæk verkefni og samstarf
- faglegri rökleiðslu og ihugun sem leiðir ákvarðanatöku og mat í tengslum við þá þjónustu sem iðjupjálfar veita

*Iðjupjálfar útskrifaðir frá Háskólanum á Akureyri skulu við námslok búa yfir þekkingu, viðhorfum og leikni sem gerir þá færa um að:*

- kynna hugmyndafræði og tilgang iðjupjálfunar og umfang þeirrar þjónustu sem iðjupjálfar veita
- sýna fagmennsku og ábyrgð og starfa í samræmi við siðareglur Iðjupjálfafélags Íslands
- ákvarða hvaða einstaklingar hafi gagn af þjónustu iðjupjálfa, meta færni þeirra við daglega iðju og hæfni þeirra og aðstæður í tengslum við þau hlutverk sem þeir gegna
- skipuleggja innihald og fyrirkomulag

er námsefni fyrsta og annars árs áður en nám er hafið á þriðja ári. Hvert námsár deilist í haust- og vormisseri. Hámarkstími til loka-prófs er sex ár, þrjú ár til að ljúka hvorum hluta. Námskeið flokkast sem iðjuþjálfunargreinar, stoðgreinar eða verknám og tengjast hinum mismunandi þrepum námslíkansins (sjá 2. mynd). Verknám er í allt 25 vikur, fjórar vikur á vormisseri annars árs, sex vikur á haustmisseri þriðja árs, sjö vikur á haustmisseri fjórða árs og átta vikur á vormisseri fjórða árs (sjá 3. mynd).

### Occupational Therapy Education at the University of Akureyri: Philosophy, goals, and curriculum design.

The education program at the University of Akureyri was established in 1997 as the first and only occupational therapy education program in Iceland. The program emphasizes health and quality of life for all individuals and is concerned with meeting Icelandic society's needs for occupational therapy services.

The philosophy of the program is centered around occupation and the belief that people develop, learn, and influence their own state of health through occupations as they interact with their environment. The role of occupational therapists is to enable meaningful occupation with individuals and groups through client centered practice. The education is both academic and practical. Students learn through interaction with teachers, practicing occupational therapists and clients. The experience gained in a supportive learning environment helps to shape knowledge, skills, and professional attitudes.

The overall goal of the program is to produce independent occupational therapists with a strong professional identity and commitment to their profession. Occupational therapists graduating from the program should be reflective, critical thinkers demonstrating effective communication skills and professional behavior. Therefore self-directed learning is emphasized and a variety of instructional methods applied, including problem-based learning and the case method. In the curriculum major knowledge is drawn from occupational science and occupational

therapy. This knowledge is supported and integrated with knowledge from social, natural, and health sciences.

The curriculum is designed as a process with courses that relate to: 1) man as an occupational being, 2) human occupation, occupational development and evaluation of occupation, 3) threats to and disruption of occupation, 4) enabling occupation with individuals and groups, and 5) development of occupational therapy knowledge.

Höfundur er lektor  
og brautarstjóri  
iðjuþjálfunarbrautar

### Heimildir

- American Occupational Therapy Association (1994). Uniform terminology for occupational therapy - third edition. *American Journal of Occupational Therapy*, 48, 1047-1059.
- Bloom, B.S., Engelhart, M.D., Furst, E.J., Hill, W.H. og Krathwohl, D.R. (1956). *Taxonomy of educational objectives. The classification of educational goals. Handbook I: Cognitive domain*. New York: McKay.
- Canadian Association of Occupational Therapists (1996). Profile of occupational therapy. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 63, 79-95.
- Canadian Association of Occupational Therapists (1997). *Enabling occupation: An occupational therapy perspective*. Ottawa, ON: CAOT Publications ACE.
- Christiansen, C. (1991). Occupational therapy: Intervention for life performance. Í C. Christiansen og C. Baum (ritstj.), *Occupational therapy: Overcoming human performance deficits* (bls. 3-43). Thorofare, NJ: Slack.
- Dalhousie University (1990). The philosophy of The School of Occupational Therapy, Dalhousie University. Í *School of Occupational Therapy fieldwork experience manual*. Halifax: Dalhousie University.
- Guðrún Pálmadóttir (1997). Iðjuþjálfun verður íslensk fræðigrein. *Iðjuþjálfinn*, 19, 14-19.
- Háskólinn á Akureyri (1997). *Iðjuþjálfunarbraut við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri*. Lokaskýrsla unnin af Elsu B. Friðfinnsdóttur, Guðrúnu Pálmadóttur, Hermanní Óskarssyni og Snæfríði Þóru Egilson. Háskólinn á Akureyri.
- Iðjuþjálfafélag Íslands (1996). *Íðorð í iðjuþjálfun*. Handbók unnin af Guðrúnu Pálmadóttur, Kristjönu Fenger, Rósu Hauksdóttur, Sigrúnu Garðarsdóttur, Snæfríði Þóru Egilson og Þóru Leósdóttur. Reykjavík: Iðjuþjálfafélag Íslands.

- Kielhofner, G. (1985). *A model of human occupation: Theory and application*. Baltimore: Williams & Wilkins.
- Kielhofner, G. (1992). *Conceptual foundations of occupational therapy*. Philadelphia: F.A. Davis.
- Kielhofner, G. (1995). *A model of human occupation: Theory and application*. Baltimore: Williams & Wilkins.
- Kolb, D.R. (1984). *Experiential learning experience as the source of learning and development*. Englewood Cliffs, N.J. Prentice Hall, Inc.
- Lög um Háskólann á Akureyri, nr. 51/1992.
- Lög um iðjuþjálfun, nr. 75/1977.
- Maguire, G.H., Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson (1995). Líkan að námi í iðjuþjálfun. Í *Iðjuþjálfunarbraut við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri*. Háskólinn á Akureyri.
- Mattingly, C. og Fleming, M.H. (1994). *Clinical reasoning: Forms of inquiry in a therapeutic practice*. Philadelphia: F.A. Davis.
- Mosey, A. (1981). *Occupational therapy: Configuration of a profession*. New York: Raven Press.
- Reilly, M. (1962). Occupational therapy can be one of the greatest ideas of 20th century medicine. *American Journal of Occupational Therapy*, 16, 1-9.
- Snæfríður Þóra Egilson (1997). Iðja. *Iðjuþjálfinn*, 19, 20-24.
- University of Western Ontario (1997). *School of Occupational Therapy: Curriculum 2000*. London ON.
- World Federation of Occupational Therapists (1993). *Minimum standards for the education of occupational therapists*. Council of the World Federation of Occupational Therapists.

*Tilkynning!*

# Hagnýtt rit við nám og störf!

**fáanlegt hjá:**

- Bóksölu Stúdenta, Reykjavík • Bókvali, Akureyri
- Auði Axelsdóttur, Iðjuþjálfun Hvítabandi s: 525 1976



# Greiningarteymi á Heilsuverndarstöðinni



Hrefna Óskarsdóttir

Í lok sumars 1998 hóf greiningarteymi starfsemi sína við barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Það var stofnað í framhaldi af ákvörðun yfirvalda um að barnadeildin hafi því hlutverki að gegna að vera miðstöð ung- og smábarnaverndar á Íslandi.

## Hlutverk

Það er talið mikilvægt þegar grunur leikur á að börn sýni frávik í þroska og hegðun að þau fái greiningu sem fyrst og aðstoð við hæfi. Þannig sé unnt að fyrirbyggja og draga úr líkum á ýmsum hegðunar- og tilfinningalegum vandamálum í skóla, á unglingsárunum og jafnvel andfélagslegri hegðun síðar á lífsleiðinni.

Þeir fagmenn sem vinna í greiningarteyminu eru barnalæknar, sem eru starfandi í ung- og smábarnavernd á barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, sálfræðingur í 100% starfi, sjúkraþjálfari í 30% starfi og iðjuþjálfari í 25% starfi. Greiningarteymi

**Nær öll þau börn sem komið hafa til iðjuþjálfara hafa verið með einhver frávik í skyn- og hreyfiþroska. Þetta eru í flestum tilfellum börn sem eru á svokölluðu gráu svæði.**



Þessu er ætlað að skoða og greina börn á aldrinum 0-6 ára þegar grunur hefur vaknað um frávik í þroska og hegðun. Jafnframt er hlutverk þess að skoða börn í áhættuhópum, má þar nefna fyrirbura, börn foreldra sem eru í neyslu og börn þroskaheftra foreldra. Þá er teyminu ásamt öðrum fagaðilum á barnadeildinni ætlað að sinna fræðslu, fylgjast með nýjungum og vinna að þróun ung- og smábarnaverndar í landinu.

Fyrstu vikurnar eftir að starfsemin hófst fóru eingöngu í undirbúningsvinnu og skipulagningu á starfinu. Finna þurfti aðstoðu fyrir nýjar starfsstéttir á barnadeildinni þar sem fastmótuð starfssemi var fyrir. Það var leyst með mikilli jákvæðni og samstarfsvilja starfsfólks deildarinnar. Þanta þurfti próf og ýmislegt sem nauðsynlegt var til að geta hafist handa. Í lok september fóru síðan beiðnir að berast til greiningarteymisins og í árslok 1998 höfðu alls 40 beiðnir borist. Beiðnir eru flokkaðar á sameiginlegum fundi teymisins og mismunandi er hvort allir fagaðilar meti börnin eða eingöngu hluti greiningarteymisins.



# Faghópur um iðjubjálfun barna

Innan Iðjubjálfafélags Íslands er starfandi faghópur um iðjubjálfun barna, sem hefur það að markmiði sínu að efla þekkingu á þessu sérviði innan hópsins og utan. Hópurinn heldur fundi reglulega og er opinn öllum þeim iðjubjálfum sem áhuga kunna að hafa á málefnum. Fagleg umræða, fræðsla og miðlun þekkingar um barnaiðjubjálfun.

Nánari upplýsingar fást hjá  
**Hrönn Birgisdóttur og Þórunni Þórarinsdóttur**  
á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins,  
s: **564 1744**.  
Netföng: **hronnbi@greining.is og thorunn@greining.is**

## Þáttur iðjubjálfunar

Iðjubjálfi sér um að meta skyn- og hreyfiproska og notar til þess þroskapróf Miller (Miller Assessment for Preschoolers) sem er ætlað börnum á aldrinum 2.9–5.8 ára, sænskt fínhreyfimat (Finmotorisk Utvecklingsstatus 0-7 år) og þroskapróf fyrir 0-3 ára sem nefnist Hawaii Early Learning Profile“. Auk þess fylla flestir foreldrar út sérstakan spurningalista um færni barna við daglega iðju. Nær öll þau börn sem komið hafa til iðjubjálfa hafa verið með einhver frávik í skyn- og hreyfiproska. Þetta eru í flestum tilfellum börn sem eru á svokölluðu gráu svæði. Þau börn eru með það væg frávik að ekki er unnt að vísa þeim í iðjubjálfun. Það koma einnig börn með alvarlegri frávik og er þeim þá ýmist vísað á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, í þjálfun hjá

Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra eða til annarra meðferðaraðila. Í vægari tilvikum er veitt ráðgjöf í leikskóla og útbúnar tillögur að æfingum og leikjum sem hægt er að nýta þar, en gott samstarf hefur verið við starfsfólk leikskóla og sérfræðinga á sálfræði- og sérkennsludeild Dagvistar barna í Reykjavík.

## Jákvæð viðbrögð

Þeir sem geta vísað til greiningarteymisins eru lækna- og hjúkrunarfræðingar í ung- og smábarnavernd heilsugæslustöðvanna, sérfræðingar við sálfræði- og sérkennsludeild Dagvistar barna, barnalæknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn. Viðbrögð við greiningarteyminu hafa verið mjög jákvæð, enda hefur lengi verið beðið eftir slíku úrræði. Nú sem stendur hefur heilsugæslunni í Reykjavík eingöngu verið þjónað, en stefnt er að því að geta boðið

upp á þjónustu þessa fagteymis á öllu landinu. Til þess að svo geti orðið þarf að auka stöðugildi fagaðila í teyminu og er stefnt að því á þessu ári. Ennfremur stendur til að bæta við stöðu talmeinafræðings.

Það hefur verið mjög spennandi að fá að taka þátt í uppbyggingu greiningarteymisins. Ljóst er að þörfin fyrir þessa starfssemi er mikil. Þetta er fyrsta teymi sinnar tegundar innan heilsugæslunnar og stendur því mikið brautryðjandastarf og þróunarvinna fyrir dyrum.

Höfundur er iðjubjálfi og starfar við barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur



# Iðjupjálfar! Munið Norrænu ráðstefnuna í Þrándheimi



## Helse gjennom aktivitet Nordisk Kongress i Ergoterapi

Trondheim 15.-17. september 1999



Velkommen til Nordisk kongress i Ergoterapi

Det er med stolthet og glede Norsk Ergoterapeutforbund inviterer til tradisjonsrik faglig samling med nytt navn! Det tidligere Nordisk Seminar har fått en ny betegnelse. Dette er en naturlig konsekvens av at danskene i 1995 innbød oss til et storslått arrangement i Aalborg som til fulle viste at det er grunnlag for et nordisk kongressarrangement for ergoterapeuter.

I Norge overtok vi stafettpinnen med skrekkblandet fryd. Det er en stor utfordring for oss å videreføre tradisjonen fra Danmark. Jeg er overbevist om at det kongressprogram som her presenteres, vil by på like store opplevelser, både faglig, sosialt og ikke minst kulturelt. «Helse

gjennom aktivitet» er valgt som slagord for kongressen. Og med dette mener vi å ha

fanget essensen i ergoterapifaget. Det er i aktivitetsperspektivet vårt faglige fundament og vår slagkraft som helsearbeidere ligger. Aktivitetsbegrepet løper derfor som en rød tråd gjennom et program som viser til fulle hvor mangfoldig og flerdimensjonalt ergoterapeuters faglige ståsted er. Kongressen er lagt til Trondheim som er en spennende by på historisk grunn. Trondheim ble valgt som åsted både på grunn av sin beliggenhet midt i Norge, og ikke minst fordi stedet representerer et kraftsentrum

for ergoterapi her i landet. Her er en av de norske ergoterapeututdanningene lokalisert, og mye spennende faglig praksis og fagutvikling foregår i dette området av landet.

Arrangementet er et samarbeidsprosjekt mellom Norsk Ergoterapeutforbund, vår fylkesavdeling i Sør- Trøndelag og ergoterapeututdanninga ved Høgskolen i Sør- Trøndelag, der de to sistnevnte grupperinger har stått for det meste av både planlegging og organisering. Her har mange mennesker stått på og ytt en kjempeinnsats som nå gir resultatet! Jeg ser det som et spesielt gode at forbundet har kunnet spille på de faglige ressursene som høgskolen representerer, og det er hyggelig å kunne benytte anledningen til å ønske ergoterapeututdanningen i Trondheim til lykke med sitt 25- års jubileum som feires sideløpende med kongressen! Vi håper at det foreliggende kongressprogrammet vil lokke ergoterapeuter fra hele Norden. Her tilbys en faglig meny som bør kunne friste mange enten man arbeider innen undervisning, forskning eller ulike deler av praksisfeltet. Dette blir utvilsomt et spennende møtested som kan by på faglige impulser og erfaringsutveksling, ny læring og konstruktiv nettverksbygging knyttet til eget interessefelt.

Norsk Ergoterapeutforbund  
ønsker dere alle hjertelig velkommen!  
Karin M. Liabø forbundsleder

Vefslóð:

**[www.tapir.ntnu.no/nket99](http://www.tapir.ntnu.no/nket99)**

## Á Norrænu ráðstefnunni verða fimm erindi flutt af íslenskum iðjupjálfum:

\* Frequency and value of role performance in the Icelandic population, flutt af Kristjónu Fenger

\* Performance outcomes of extremely low birthweight children at 5.3 years of age, flutt af Snæfríði Þóru Egilson og Þóru Leósdóttur

\* Education program based on occupation, flutt af Guðrúnu Pálmadóttur

\* Icelandic Occupational Therapists attitudes towards educational and professional issues, flutt af Elínu Ebbu Ásmundsdóttur

\* Design and methodology of fieldwork as an integral part of the newly established occupational therapy program in Iceland, flutt af Snæfríði Þóru Egilson

# Iðjubjálfar taka þátt í tilraunaverkefni

reynsla okkar og menntun nýttist vel,

segja þær Sigríður Pétursdóttir og Oddrún Lilja Birgisdóttir

Reykjavíkurborg starfrækir Miðgarð í Grafarvogi og er það tilraunaverkefni til tveggja ára. Starfssemin hófst í september árið 1997 og ráðgert er að hún standi til ársloka 1999. Á skrifstofu Miðgarðs starfa rúmlega tuttugu manns og þar á meðal eru iðjubjálfarnir Sigríður og Oddrún Lilja. Ritnefnd heimsótti þær stóllur nýlega til að forvitnast meira hvernig iðjubjálfun kemur við sögu á þessum vettvangi.

Í Miðgarði er boðið upp á þjónustu sem alla jafna er veitt af fjórum stofnunum í öðrum hverfum borgarinnar. Það eru Félagsmálastofnun, Dagvist barna, Fræðslumiðstöð og Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur. Auk þess er forvarnarfulltrúi lögreglunnar staðsettur í Miðgarði.

## Megin markmið með starfseminni eru að:

- bæta og hagræða þjónustu við íbúa Grafarvogs með því að samræma opinbera þjónustu í hverfinu
- stuðla að auknu íbúalýðræði með því að veita íbúum, fulltrúum félagasamtaka og stofnanna aukin áhrif á skipulag nánasta umhverfis og fyrirkomulag þjónustu Reykjavíkurborgar í hverfinu
- skipuleggja samstarfsverkefni og samþætta þjónustu ríkis og Reykjavíkurborgar í hverfinu

## Reynsla af landsbyggðinni

Það var ekki auglýst sérstaklega eftir iðjubjálfum í þau störf sem um ræðir, heldur aðilum með félags- og uppeldisfræðimenntun til þess að sinna verkefnum tengdum félagslegri heimaþjónustu, málefnum aldraðra og fatlaðra. Menntun og reynsla iðjubjálfa nýttist hins vegar afar vel að sögn þeirra Sigríðar og Oddrúnar Lilju. Þær deila með sér einu og hálfu stöðugildi. Oddrún Lilja sinnir verkefnum er tengjast félagslegu heimaþjónustunni og málefnum aldraðra, en Sigríður þeim sem lúta að málefnum fatlaðra og liðveislu. Báðar hafa þær starfsreynslu af landsbyggðinni því Oddrún Lilja starfaði hjá Sauðárkróksbæ, en Sigríður á Svæðis-skrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra.

-Bakgrunnur minn í starfi með fötl-

uðum nýttist afar vel þar sem ég vann að stórum hluta inni á heimilum skjólstaðinganna og nálægðin því meiri en gerist á stofnunum. Eftir að hafa kynnst því hversu vel þjónusta af þessu tagi nýttist skjólstaðingum var ég ekki tilbúin til þess að ráða mig í starf á hefðbundinni stofnun, segir Sigríður.

Starfsmenn í Miðgarði vinna sem verkefnastjórar og hafa ólíka menntun að baki. Auk iðjubjálfa starfa þar meðal annarra sálfræðingar, hjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafar, leikskólakennar-

ar, daggæsluráðgjafi, upplýsingafulltrúi, tómstundafulltrúi, þroskabjálfi og talmeinafræðingur. Hverfinu er skipt upp og starfsmenn vinna í teyllum sem hvert fyrir sig sjá um ákveðin svæði. Þær Oddrún Lilja og Sigríður eru sitt í hvoru teyminu.

-Stundum koma upp einhver mál skjólstaðinga okkar á fundum annarra teyma og þá erum við kallaðar til með þær upplýsingar sem við höfum. Segja má að við störfum þvert á teymin því við tengjumst skjólstaðingum úr öllu hverfinu, segir Oddrún Lilja.

## Nýjungar í liðveislu

Sigríður upplýsir að markmiðið með liðveislunni sé að veita persónulegan stuðning sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun fólks með fötlun. Þjónustan er í boði fyrir skjól-

staðinga á aldrinum

6 - 67 ára og felst

meðal annars í því

að veita þeim að-

stoð til að njóta

menningar- og fé-

lagslífs. Einstak-

lingarnir sjálfir

eða aðstandendur

þeirra geta sótt

um liðveislu.

Framkvæmt er

þjónustumat og út frá

því reynt að mæta þörfum umsækjandans.

-Flestir sem hafa þarfir er falla inn undir málefni fatlaðra vita af þessari þjónustu. Skjólstaðingar með misþroska eða ofvirkni eru þó á gráu svæði og í raun ekki mikið um úrræði fyrir þá. En við viljum gjarnan vita af þeim,



F.v. Oddrún Lilja Birgisdóttir og Sigríður Pétursdóttir iðjupjálfar í Miðgarði.

Þannig að hægt sé að halda utan um upplýsingar um fjölda. Þennan hóp er því miður lítið hægt að styðja við eins og staðan er núna, segir Sigríður.

Að hennar sögn er afar mikilvægt að veita því starfsfólki sem vinnur við liðveislu ráðgjöf og handleiðslu. Jafnframt er verið að þróa þjónustuna.

-Nú er til dæmis unnið með hópi unglinga með það að markmiði að kynna þeim hverfið. Þetta eru krakkar sem ekki stunda skóla í hverfinu og tengjast því lítið Grafarvoginum, nema með því að búa þar. Náð samstarf er haft við tólmstundaráðgjafa og stofnanir í hverfinu til að sýna krökkunum hvað hverfið hefur upp á að bjóða varðandi ýmis konar tólmstundaiðju. Ég vil byggja upp starfsemina og geta boðið upp á fjölbreytta möguleika, en til verkefnisins er úthlutað vissri fjárhæð sem takmarkar hvað hægt er að bjóða upp á, segir Sigríður.

## Þjónusta á heimilum

Félagsleg heimaþjónusta er tilboð fyrir alla sem vegna sjúkdóma, fatlana eða erfiðra fjölskylduadstæðna geta ekki haldið eigið heimili nema með utanaðkomandi aðstoð.

-Þekking iðjupjálfa kemur að góðum notum, meðal annars til að meta hvað skjólstæðingurinn þarf mikla þjónustu. Ennfremur nýtist þekking okkar til þess að styðja við annað starfsfólk og veita því ráðgjöf, sérstaklega til þeirra sem starfa inni á heimilum við misgóðar aðstæður, segir Oddrún Lilja, en hún heimsækir alla þá sem þiggja þjónustuna.

-Umsóknir berast oft frá öðrum fagstéttum, til dæmis á sjúkrahúsum ef viðkomandi er að útskrifast. Einnig hringja skjólstæðingarnir til okkar ef þeir eru ekki færir um að sjá um sig sjálfir. Ég fer á heimilið, geri þjónustusamning og legg mat á hve þörfin er mikil. Aðstaðan er athuguð gaumgæfilega og jafnframt getur verið þörf á að sækja um hjálpartæki til Tryggingastofnunar ríkisins. Ef íbúi úr Grafarvogi liggur inni á spítala og ljóst er að hann þurfti mikla aðstoð þegar heim er komið er æskilegt að iðjupjálfi hans frá

sjúkrahúsinu hafi samband við mig og getum við þá farið saman í heimilisathugun. Starf iðjupjálfa í heimaþjónustunni er mikilvæg til þess að brúa bilið á milli sjúkrahúss og heimilis og brýnt að fá réttar upplýsingar um málið þegar viðkomandi útskrifast þannig að unnt sé að veita sem besta þjónustu, segir Oddrún Lilja.

Að hennar sögn er málum skjólstæðingsins fylgt eftir þannig að haft er samband að þremur mánuðum liðnum og kannað hvort enn sé þörf á heimaþjónustunni.

## Þjónusta við aldraða

Eins og áður sagði starfar Oddrún Lilja að mál-efnum aldraða.

-Í Miðgarði geta aldraðir sótt um félagslegt leiguhúsnaði. Mitt hlutverk er að leggja mat á færni viðkomandi og meta núverandi húsnaði hans, segir Oddrún Lilja.

Hún sinnir einnig verkefnum sem tengjast félagsstarfi aldraða og hafa eldri borgarar í Grafarvogi stofnað gönguhóp með hennar stuðningi.

-Ýmsar hugmyndir eru uppi hvað varðar eldri borgara og hvernig þeir geta haft áhrif á þá þjónustu sem er í boði. Eitt af markmiðunum með starfsemi Miðgarðs er jú að stuðla að auknu íbúalýðræði.

Ég vinn til dæmis að því að virkja eldri borgara til þess að hafa áhrif á uppbyggingu félagsstarfsins hér í hverfinu. Ein hugmyndin er sú að þeir sendi frá sér ályktun til hverfisnefndar Grafarvogs þess efnis, bætir hún við að lokum.

**Markmiðið með liðveislunni er að veita persónulegan stuðning sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun fólks með fötlun. Þjónustan er í boði fyrir skjólstæðinga á aldrinum 6–67 ára og felst meðal annars í því að veita aðstoð til að njóta menningar- og félagslífs.**

AH/ES/AE

# Iðjuþjálfun í heilsugæslu

- niðurstöður matsnefndar



Ingibjörg Pétursdóttir

**Í september á síðasta ári lauk tilraunaverkefni um iðjuþjálfun í heilsugæslu. Verkefnið stóð yfir í eitt ár og sinntu því þrír iðjuþjálfar í 50% starfshlutfalli hver. Í tengslum við tilraunaverkefnið var skipuð matsnefnd er hafði því hlutverki að gegna að meta hvernig til hefði tekist. Í nefndinni sátu fulltrúar frá Heilbrigðismálaráðuneyti, Landlæknisembætti, Iðjuþjálfafélagi Íslands, heilsugæslunni í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt sat héraðslæknirinn í Reykjavík í nefndinni og gegndi hann embætti formanns.**

Í september á síðasta ári lauk tilraunaverkefni um iðjuþjálfun í heilsugæslu. Verkefnið stóð yfir í eitt ár og sinntu því þrír iðjuþjálfar í 50% starfshlutfalli hver. Í tengslum við tilraunaverkefnið var skipuð matsnefnd er hafði því hlutverki að gegna að meta hvernig til hefði tekist. Í nefndinni sátu fulltrúar frá Heilbrigðismálaráðuneyti, Landlæknisembætti, Iðjuþjálfafélagi Íslands, heilsugæslunni í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt sat héraðs-

læknirinn í Reykjavík í nefndinni og gegndi embætti formanns.

Nokkuð dróst að skipa í matsnefndina, en það var gert í marsbyrjun og hafði þá verkefnið staðið yfir í sex mánuði.

**Nefndarmenn er á einu máli um að veruleg þörf sé fyrir iðjuþjálfra í heilsugæslunni og leggja til að komið verði á fót fjórum nýjum stöðum iðjuþjálfra við heilsugæsluna í landinu.**

Þetta þótti bæði iðjuþjálfum og nefndarmönnum heldur óheppilegt. Það má geta þess að þrír af fulltrúunum sátu einnig í matsnefnd sem meta skyldi sambærilegt verkefni um sjúkráþjálfun í heilsugæslu. Því verkefni lauk skömmu eftir að tilraunaverkefnið um iðjuþjálfun fór af stað. Í því tilfelli var nefndin skipuð strax í upphafi verkefnisins og þótti það auðvelda mjög störf matsnefndarinnar.

## Upplýsingaöflun

Til þess að afla upplýsinga hjá starfsfólki í skóla- og heilbrigðiskerfinu, varðandi reynslu þess af tilraunaverkefninu voru sendir út spurningalistar. Þeir sem fengu listana í hendur voru starfsfólk á heilsugæslustöðvunum í Mjódd og Sólvangi í Hafnarfirði, en þar höfðu iðjuþjálfar verkefnisins starfað. Einnig voru sendir spurningalistar til starfsfólks í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Spurningalistar voru sendir til alls 16 lækna og 30 hjúkrunarstarfsmanna. Svör bárust frá 10 læknum og 27 hjúkrunarstarfsmönnum. Í grunnskólana voru sendir alls 190 listar. Einungis bárust svör frá 36 svarendum þar. Í leikskólana voru sendir alls 36 listar og svör bárust frá 22 svarendum. Heimtur úr heilsugæslu voru því 80%, en úr leik- og grunnskólum 26%.

## Helstu niðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir helstu svörum þeirra hópa er svöruðu spurningalistunum. Tekið skal fram að þeir listar sem sendir voru til starfsfólks heilsugæslu annars vegar og starfsfólks í leik- og grunnskólum hins vegar voru ekki samhjóða.



Úrdráttur úr spurningum og svörum starfsfólks í heilsugæslu

- Hvernig telur þú að aðgangur að iðjuþjálfum í heilsugæslunni hafi verið áður en verkefnið hófst? Miklum meirihluta þeirra sem svöruðu eða 80% þótti aðgangur að iðjuþjálfum hafa verið ófullnægjandi áður en verkefnið hófst.
- Telur þú að vinna iðjuþjálfanna í tilraunaverkefninu hafi verið a) gagnleg, b) nokkuð gagnleg, c) gagnslaus. 78% þeirra sem svöruðu töldu vinnu iðjuþjálfanna í verkefninu hafa verið afar gagnlega en 22% töldu hana hafa verið nokkuð gagnlega.
- Ef þú hefur sent tilvísun til iðjuþjálfra, hver finnst þér árangur þeirrar tilvísunar hafi verið? 96.5% svöruðu að árangur hefði verið fullnægjandi (einn aðili svaraði því til að árangur hefði verið ófullnægjandi).
- Telur þú að iðjuþjálfar ættu að hafa fasta viðveru á heilsugæslustöðvum? Allir svarendur eða 100% svöruðu þessari spurningu játandi.
- Hvar telur þú að mikilvægast sé að nota þjónustu iðjuþjálfra? Flestum svarenda fannst mikilvægast að iðjuþjálfar sinntu öldruðum og skólabörnum, næst á eftir kom ungþávernd, heilsuvernd fatlaðra og að síðustu vinnuvernd.
- Þótti þér verkefnið nægilega kynnt til þess að þú gætir nýtt þér störf iðjuþjálfra eins og þú hefðir kosið? 77.8% svöruðu þessari spurningu játandi, 21.2% svöruðu neitandi eða kváðust ekki vita það.

Úrdráttur úr spurningum og svörum kennara í leik- og grunnskólum .

- Hvernig telur þú að aðgangur að iðjuþjálfum í heilsugæslunni hafi verið áður en verkefnið hófst? Allir eða 100% svöruðu að aðgangur hafi verið ófullnægjandi.
- Telur þú að vinna iðjuþjálfanna í tilraunaverkefninu hafi verið a) gagnleg, b) nokkuð gagnleg, c) gagnslaus. 75% svöruðu að vinnan hefði verið gagnleg, 20.8% þótti hún nokkuð gagnleg, 4.2% þótti hún gagnslaus.

### **Það er skoðun okkar að það hafi verið mjög spennandi og lærdómsríkt að taka þátt í að ryðja brautina fyrir iðjuþjálfun í heilsugæslunni.**

- Ef þú hefur sent tilvísun til iðjuþjálfra hver finnst þér árangur þeirrar tilvísunar hafi verið? 51.4 svöruðu að árangur hefði verið fullnægjandi, 28.6% ófullnægjandi, 5.7% svöruðu hvorki né og 14.8% veit ekki (í athugasemdum frá svarendum kom fram að annars vegar fannst þeim þjónustan ófullnægjandi vegna þess að iðjuþjálfri náði ekki að sinna tilvísuninni og hins vegar vildu þeir með svari sínu leggja áherslu á mikilvægi iðjuþjálfra í skólastarfinu)
- Telur þú að iðjuþjálfar ættu að hafa fasta viðveru á heilsugæslustöðvum/skólum? 94.6% svarenda svöruðu þessu játandi, 5.4 % kváðust ekki vita það.
- Þótti þér verkefnið nægilega kynnt til þess að þú gætir nýtt þér störf iðjuþjálfra eins og þú hefðir kosið? 66.6% svöruðu því játandi, 31.5% neitandi og 1.9% kváðust ekki vita það.

### **Álit matsnefndar**

Í skýrslu matsnefndar segir: „Það virðist samdóma átlit allra þeirra sem svöruðu spurningalistum og komu fram með athugasemdir að mikil þörf væri fyrir iðjuþjálfra í heilsugæslunni bæði í heima- hjúkrun og skólaheilsugæslu“. Fram koma vangaveltur um hvort þörfin sé svo mikil af því að um uppsafnaðan vanda hafi verið að ræða áður en verkefnið hófst. Einnig kemur fram í niðurstöðum matsnefndarinnar að starf iðjuþjálfanna hafi verið tímafrekt. Iðjuþjálfar verkefnisins hafi notað mikinn tíma fyrir hvern einstakling. Því sé nauðsynlegt að gera góða áætlun og vanda skipulag. Mikilvægt sé einnig að skilgreina vandlega hvaða verkefnum iðjuþjálfri í heilsugæslu skuli sinna.

Varðandi þá athugasemd nefndarinnar að iðjuþjálfarnir hafi notað mikinn tíma í vinnu með hverjum einstaklingi þá er áriðandi að hafa í huga að hér var um brautryðjendastarf að ræða, en það er tímafrekt af ýmsum ástæðum. Mjög var vandað til vinnunnar þegar þarfir

skjólstæðinga voru metnar. Í nær öllum tilvikum var slíkt mat framkvæmt á heimili, vinnustað eða í skóla viðkomandi. Við þær aðstæður eru niðurstöður raunhæfari en ella, en sú aðferð er óneitanlega tímafrek. Það sama má segja um það hvernig niðurstöðum mats og prófana, meðferðaráætlun og ráðgjöf var komið á framfæri. Þegar um börn var að ræða voru margir aðilar sem tengdust málinu svo sem foreldrar, kennarar og sérkennarar. Þess má einnig geta að aðstöðuleysi tafði oft fyrir, skýrslugerð og fleira var þyngra í vöfum og tók lengri tíma en það þurfti að gera.

Nefndin er á einu máli um að veruleg þörf sé fyrir iðjuþjálfra í heilsugæslunni. Í skýrslunni segir orðrétt: „Nefndarmenn eru sammála um að veruleg þörf sé fyrir iðjuþjálfra í heilsugæslunni um allt land. Á þeim forsendum sem liggja fyrir og með þeim fyrirvörum sem komið hafa fram í skýrslunni, leggur nefndin til að til að byrja með verði komið á fót fjórum nýjum stöðum iðjuþjálfra við heilsugæsluna í landinu og þörfin endurmetin eigi síðar en að tveimur árum liðnum.“

Matsnefndin skilaði skýrslu sinni til heilbrigðisráðherra þann 12. mars síðast liðinn. Síðan það gerðist hefur einn iðjuþjálfri, Guðrún Hafsteinsdóttir sem starfar á heilsugæslustöðinni í Mjódd fengið fastráðningu í hálfra stöðu. Þegar tilraunaverkefninu lauk um miðjan september yfirgaf undirrituð ásamt Önnu S. Jónsdóttur heilsugæsluna og hófum við störf á öðrum vettvangi. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um framhaldið af hálfu heilsugæslunnar. Vonast er þó til að þegar um hægist eftir Alþingiskosningar verði ráðnir iðjuþjálfar í heilsugæsluna eins og matsnefndin hefur lagt til. En allt tekur sinn tíma. Það er alla vega eitt af því sem við iðjuþjálfar í verkefninu höfum lært. Það er skoðun okkar að það hafi verið mjög spennandi og lærdómsríkt að taka þátt í að ryðja brautina fyrir iðjuþjálfun í heilsugæslunni. Við erum þess fullvissar að þar hafi verið sáð fræjum sem eiga eftir að verða að stórum glæsilegum skógi.

*Höfundur er iðjuþjálfri og verkefnisstjóri tilraunaverkefnis um iðjuþjálfun í heilsugæslu.*

# Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

*viðtal við Kolbrúnu Ragnarsdóttur iðjuþjálf*

**Fjölskylduþjónusta kirkjunnar hefur verið starfrækt í sjö ár og er rekin af Biskupsstofu. Árlega leita þangað um 300 fjölskyldur eftir ráðgjöf og veitt eru 7-800 viðtöl á ári. Við stofnunina starfa þrír ráðgjafar og þar á meðal er Kolbrún Ragnarsdóttir iðjuþjálf. Við ræddum stuttlega við Kolbrúnu um starfsvettvang hennar.**

**E**ins og margir iðjuþjálfar hér á landi útskrifaðist Kolbrún frá iðjuþjálfaskóla í Danmörku. Í tengslum við námið fór hún í verknað á sjúkrahús sem nefnist Stolpegaarden og tilheyrir amtssjúkrahúsi Kaupmannahafnar. Þar fer fram einstaklingsmeðferð, hóp- og fjölskyldumeðferð.

-Þetta var þverfagleg vinna og lítil mörk á milli starfsstétta, þar sem allir starfsmenn sinntu fyrst og fremst viðtalsvinnu. Ég fékk síðan vinnu á Stolpegaarden að loknu námi. Þar starfaði ég í sjö og hálf ár og hef því mesta starfsreynslu af slíkri meðferðarvinnu. Á þessu tímabili sótti ég mikið af námskeiðum. Það var alltaf símenntun í gangi og ýmis konar nám sem tengdist viðtals- og fjölskyldumeðferð. Fyrst og fremst vegna þessarar reynslu og menntunar á sviði fjölskyldumeðferðar er ég ráðin hér hjá fjölskylduþjónustu kirkjunnar. En iðjuþjálfunin er mín grunnmenntun og hana verður maður að hafa, segir Kolbrún.

**Megin ástæða þess að fólk leitar hingað er einhvers konar samskiptavandi. Hér skapast vettvangur þar sem fólk getur rætt vandamál sín. Við spyrjum spurninga en erum ekki með neinar lausnir, heldur er markmiðið það að fólk fái nýja sýn á vandann og hafi þannig möguleika til að leysa sín mál.**

## Fjölskylduþjónustan

Kolbrún hóf störf hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar fyrir ári síðan. Mestur hluti starfs hennar felst í viðtalsmeðferð. Fyrirkomulagið er á þann veg að fólk hringir á sérstökum símatímum og þá er tekið við beiðnum um þjónustu. Beðið er um persónuupplýsingar og aflað upplýsinga um hvert vandamálið er í stórum dráttum. Það eru yfirleitt hjón sem koma, en ef þörf þykir er aðstandendum stundum boðið að koma með.

-Oft er ástæða þess að fólk leitar hingað einhvers konar samskiptavandi. Hér skapast vettvangur þar sem fólk getur rætt vandamál sín. Við spyrjum spurninga en erum ekki með neinar lausnir, heldur er markmiðið það að

**Aðstandendur þurfa fræðslu um afleiðingar viðkomandi sjúkdóms og útskýringar á því af hverju sá sem um ræðir er öðruvísi nú en áður. Þessi skilningur gefur möguleika á öðru samspili innan fjölskyldunnar. Endurhæfing krefst þess iðulega að fólk breyti um lífstíl. Sú breyting verður auðveldari ef stuðningur fjölskyldunnar er fyrir hendi.**

fólk fái nýja sýn á vandann og hafi þannig möguleika á að leysa sín mál. Það er afar mismunandi hversu oft fólk kemur í viðtöl, en algengt er að það komi í 6 til 8 skipti. Sumum nægir eitt viðtal til að geta unnið áfram í sínum málum, segir Kolbrún.

Hún greinir frá því að algengt sé að fólk komi á tveggja til þriggja vikna fresti í nokkur skipti. Viðtölin standa alla jafna yfir í klukkutíma og Kolbrún er að meðaltali með fjögur viðtöl á dag.

-Þetta krefst mikillar einbeitingar og maður þarf að stilla sig inn á hlutina áður en fólkið kemur og hugleiða vel hvað á að ræða. Að loknu viðtalinu þarf svo aðeins að fara yfir viðtalið og ígrunda framhaldið. Við skrifum ekki skýrslur, en gerum okkar eigin nótur og punkta. Það er mikill kostur að þetta er ekkert bákn og því lítil pappírsvinna, ég er fyrst og fremst í samvinnu við fólkið sem leitar þjónustunnar. Stundum er málum þó þannig háttað að nauðsynlegt er eiga samstarf við aðrar stofnanir, til dæmis Félagsmálastofnun og sálfræðinga á skólaskrifstofum, segir Kolbrún.

## Handleiðsla

Stofnunin býður upp á handleiðsluþjónustu fyrir starfsmenn kirkjunnar, meðal annarra sækja djákna og djáknanemar hóphandleiðslu.

-Ég er í handleiðslunámi við Háskóla Íslands og í tengslum við það nám handleiði ég tvo iðjuþjálf. Við sem sinnum viðtalsmeðferð þurfum einnig handleiðslu sjálf. Hér hjá fjölskylduþjónustu kirkjunnar fáum við is-



LISTASAFN ÍSLANDS

4. JUNÍ - 14. AGÚST 1988



lenska konu, búsetta í Svíþjóð til að handleiða okkur nokkrum sinnum á ári. Hún heitir Kristín Gústafsdóttir og er félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur að mennt. Hér eru fáir starfsmenn sem sinna fjölmörgum verkefnum, þar á meðal viðtalsvinnu, fræðslu, námskeið-

#### Kolbrún Ragnarsdóttir, iðjupjálfi

um og handleiðslu. Vikulegir fundir eru haldnir þar sem við ræðum og ráðleggjum um hvort öðru, til að mynda flóknari mál. Það þarf alltaf að vega og meta öll mál á faglegan hátt og þá er dýrmætt að eiga samstarfsmenn til að ráðfæra sig við. Þegar maður er sjálfur verkfærið í starfinu er nauðsynlegt að geta hlúð að sjálfum sér, segir Kolbrún.

#### Fjölskylduvinna á heilbrigðisstofnunum

Að mati Kolbrúnar er fjölskylduvinna ekki hátt skrifuð innan heilbrigðisstofnanna hér á landi og iðjupjálfar mættu gjarnan sinna slíkri vinnu í meira mæli.

-Ég tel mikilvægt að tala við og fræða aðstandendur. Aðstæður sjúklinga sem eru í endurhæfingu hafa oft breyst, ýmist tímabundið eða varanlega. Bæði þeir og fjölskyldan ganga í gegnum langt ferli sem meðal annars einkennist af sorg og missi á eigin heilsu. Aðstandendur þurfa fræðslu um afleiðingar viðkomandi sjúkdóms og útskýringar á því af hverju sá sem um ræðir er öðruvísi nú en áður. Þessi skilningur gefur

möguleika á öðru samspili innan fjölskyldunnar. Endurhæfing krefst þess oft að fólk breyti um lífstíl. Sú breyting verður auðveldari ef stuðningur fjölskyldunnar er fyrir hendi, segir Kolbrún.

#### Breiðari starfsvettvangur

Að mati Kolbrúnar hafa iðjupjálfar möguleika á að starfa á víðari grundvelli, má þar nefna streitustjórnun, vinnuvistfræði og fleira þess háttar.

-Iðjupjálfar eiga erindi í ótal margt sem þeir eru ekki að fást við í dag, en hafa tilhneigingu til að velja hefðbundinn starfsvettvang. Með tilkomu námsbrautarinnar við Háskólann á Akureyri eru kannski breytingar í vændum, þannig að þegar fjölgar í greininni verði starfsvettvangur stéttarinnar hugsanlega breiðari. Það voru bæði kostir og gallar við iðjupjálfunarnámið, að minnsta kosti eins og það var í Danmörku þegar ég var við nám. Það var meira á breiddina en dýptina. Fyrir vik-ið gátu iðjupjálfar valið bókstaflega allt, en þurftu að sérhæfa sig þegar þeir komu út á vinnumarkaðinn, segir Kolbrún að lokum.

SH/GKE

# Öskjuhlíðarskóli

sem er sérskóli fyrir proskaheft og fjölfötluð börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára (1.–10.bekkur) óskar að ráða iðjupjálfa til starfa frá upphafi næsta skólaárs (1. september).

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 568-9740.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt útgáfu þessa tölublaðs Íðjubjálfs og eru þeim færðar bestu þakkir

## Reykjavík

### Árvík hf

Ármúla 1

### Áskirkja

Vesturbrún 30

### Bernh. Petersen hf

Ánanaustum 15

### Björgvin Jónsson tannlæknir

Síðumúla 25

### Bólstrun Óskars Sigurðssonar

Fjarðarási 23

### Fasteignasalan Garður

Skipholti 5

### Faxavélar hf

Funahöfða 6

### Félag einstæðra foreldra

Tjarnargötu 10d

### Fríða frænka verslun

Vesturgötu 3

### Gigartfélag Áslands

Ármúla 5

### Hjúkrunarheimilið Skjól

Kleppsvegi 64

### Hreinsunardeild Reykjavíkur

Skúlatúni 2

### Áslenskur hagfiskur sf

Eirhöfða

### Ástækni hf

Nethyl 2

### Landgræðslusjóður

Suðurlíð 38

### Lyfjadreifing sf

Síðumúla 32

### Málmsteypa

### Ámunda Sigurðssonar

Skipholti 23

### Rakarastofa Gríms

Efstalandi 26

### Ráðvís Hönnun

Grensásvegi 7

### Seljasókn

Hagaseli

### SORPA

Gufunesi

### Stjá sjúkráþjálfun

Hátúni 12

### Stratus ehf

Hæðargerði 5

### Teiknistofan

### Skólavörðustíg 28 hf

Skólavörðustíg 28

### Útfarastofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð Fossvogi

### Verslunarmannafélag

### Reykjavíkur

Kringlunni 7

## Seltjarnarnes

### Tónika ehf

### umboðs- og heildverslun

Melabraut 35

## Kópavogur

### Hegas hf innflutningur

Smiðjuvegi 8

### Landvélar ehf

Smiðjuvegi 66D

### Timbur og Stál ehf

Smiðjuvegi 11

## Hafnarfjörður

### Ás fasteignasala

Fjarðargötu 17

### Bedco & Mathiesen hf

Bæjarhrauni 10

### Músík og sport

Reykjavíkurvegi 60

### Sólvangur hjúkrunarheimili

Sólvangsvegi 2

## Keflavík

### Leikskólinn Garðasel

v/ Hólmgarð

### Reykjanesbær

Tjarnargötu 12

### Varmamót

Iðavöllum 3

## Grindavík

### Fískanes hf

Hafnargötu 17-19

### Þorbjörn hf

Hafnargötu 12

## Njarðvík

### Hitaveita Suðurnesja

Brekustíg 36

### Njarðvíkurskóli

Þórustíg 1

## Mosfellsbær

### Bæjardekk

Langatanga 1a

## Akranes

### Bjarmar ehf vélaleiga

Jörundarholti 160

### Bókaskemman

Stílholti 18

### Dvalarheimilið Höfði

Sólmundarhöfða

# KONUR MED GRINDARLOS


Medimec smádýnan er til að léttu snúning í rúmi og bílsæti. Dýnan er lánuð út fyrir þær sem þjást af grindarlosi.

Leiga er kr. 2.000,- á mánuði.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 100% fyrir dýnuna sem hjálpartæki.




VEST - KOT  
Pósthólf: 9299 • 129 Reykjavík  
Sími/Fax: 557 7878  
Netfang: vest-kot.mmedia.is



# NÝJUNG HÉR Á LANDI

## REYKRÖR

Kjörið fyrir þann sem er máttlítill í höndum og reykir. Vindlingurinn er festur í rörið meðan reykt er. Engin hættu er á ferðum missi maður rörið úr höndum sér.



## ELDAVÉLARVARI

Rýfur straum, gleymist að slökkva á eldavélinni.

## REYKSVUNTA

Ver hvorutveggja í senn, rúmföt og eigin klæði.



VEST - KOT  
Pósthólf: 9299 • 129 Reykjavík  
Sími/Fax: 557 7878  
Netfang: vest-kot.mmedia.is



# Nútíma kennslutæki í líffærafræði

frá hinu alþjóðlega  
fyrirtæki 3B í Þýskalandi.

Hafðu samband og fáðu sendan 3B vörur og verðlistann



Stofnað 1819



Beinagrindur



Hryggsúlur



Líkan af eyra




Líkan af auga



Æfingalíkön og hermar



Hauskúpur



Veggkort  
50 x 67 cm.



Margmiðlunar-  
diskurinn Þjálfari  
í líffærafræði.



Veggkort  
84 x 200 cm.



Æfingalíkön í  
skyndihjálpi



Líkamar og  
líkamshlutar

## Skólavörubúðin EHF.

Laugavegi 166 · 105 Reykjavík · Sími 552 8088 · Símbref: 562 4137

Gæði, úrval og  
hagstæð verð

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt útgáfu þessa tölublaðs Ljúbjálfans og eru þeim færðar bestu þakkir

Glerauganverslunin

Sjóngerið

Skólabraut 25

Haraldur Böðvarsson hf

Útgerð

Bárugötu 8-10

Lögmannsstofa

Tryggva Bjarnasonar

Kirkjubraut 28

Sementsverksmiðjan hf

Mánabraut 20

Sjúkráþjálfun

Georgs Janussonar

Kirkjubraut 28

Vélsmiðja

Ólafs R Guðjónssonar ehf

Smiðjuvöllum 6

Borgarnes

Grunnskólinn í Borgarbyggð

Borgarbraut 11

Grundarfjörður

Tangi

Hamrahlíð 4

Ásafjörður

Áslandsbanki

Hafnarstræti 1

Patreksfjörður

Eyrasparisjóður Patreksfirði

og Tálknafirði

Bjarkargötu 1

Tálknafjörður

Hraðfrystihús Tálknafjarðar

Miðtúni 3

Blönduós

Apótek Blönduóss

Urðarbraut 6

Skagatrönd

Höfðahreppur

Túnbraut 1-3

Vindhælishreppur

Árbakka

Siglufjörður

Siglufjarðarkaupstaður

Gránugötu 24

Akureyri

Akureyrarbær

Geislagötu 9

Búsetu og öldrunardeild

Akureyrar

Glerárgötu 26

Snyrtistofan Fegurð

Brekkugötu 9

Dalvík

Ferðapjónusta bænda

Syðri-Haga,

Húsavík

Heilbrigðisstofnunin Húsavík

Auðbrekku 4

Langanes hf útgerð

Skólagarði 6

Uggi sf fiskverkun

Höfðabakka 23

Neskaupstaður

Verkmenntaskóli Austurlands

Mýrargötu 10

Höfn

Ferðapjónusta bænda

Stafafelli Lóni

Selfoss

Björk sf bókaútgáfa

Birkivöllum 30

Jeppasmiðjan hf

Ljónstöðum

Set ehf plastiðnaður

Eyravegi 43

Sveitarfélagið Árborg

Austurvegi 2

Laugarvatn

Laugardalshreppur

Laugarvatni Reykjum

Flúðir

Funaplast

Sneiðin 1

Vestmannaeyjar

Útgerðarfélagið Sæhamar hf

Flötum 31

Vestmannaeyjabær

Ráðhúsinu

Vöruval ehf

Vesturvegi 18



# Nýtt F módel




**B**alder verður nákvæmlega eins og þú vilt hafa hann ...

Fullkominn stjórnbúnaður  
frá Dynamic



- Umhverfisstjórnun
- Þráðlaus tölvutenging
- Sethæð frá 38 til 82 sm.
- Hámarkshraði 9,9 Km/Klst.
- Framhjóladrifinn, sem gerir stólinn mjög fyrirferðarlítinn



**BALDER**



- áreiðanlegur félagi alla daga!

Jón Eiríksson - Dalvegur 16 - 200 Kópavogur  
Sími/Fax 564 2820 - GSM 894 3280



# Við léttum þér lífið



## Dan hejs loftfest lyftikerfi

- Lyfta á brautum í lofti
- Hentar í-eða á milli herbergja og á salerni

## Flexus rúm

- Rafknúin lyfta og rafknúið höfðalag
- 4 skiptur rúmbotn
- Hægt að laga að þörfum hvers og eins
- Fallegt
- Hlióðlátt
- Auðvelt að breyta rúmbotni
- Hentar bæði stofnunum og heimilum



## Flexus náttborð

- Falleg
- Hægt að fella niður borðplötu



## Snúningsskífa

- Auðveldar flutning úr rúmi yfir í stól eða á milli stóla



## Samson lyftari

- Rafknúinn
- Auðveldur í notkun
- Getur lyft frá gólfi



## Segl

- Margar stærðir, heil-eða hálf
- Salernissegl, sérstyrkt salernissegl
- Göngusegl
- Sérsemauð segl

Guldmann

Ráðgjöf og upplýsingar hjúkrunarfræðings og iðjupjálfa í síma 515 1335  
Opíð kl. 9-18 alla virka daga í verslun okkar að Grjóthálsi 5





Etac Cross hjólastólar eru byggðir með tvöföldum krossi til að tryggja stöðugleika og endingu. Val er um fjölda aukahluta, auk þess sem stillimöguleikar stólanna eru fullkomnir. Eftir að stóllinn er kominn í notkun er unnt að gera verulegar breytingar á stillingum og aðlaga stólinn að notanda eða fyrir nýjan notanda, án mikillar fyrirhafnar.

Etac Cross stóllinn er besti valkosturinn ef gera þarf ráð fyrir að breyta þurfi stillingum, aðlaga að notanda eða velja aukabúnað.

Nánari upplýsingar færðu hjá iðjupjálfa okkar.



**etac cross™**

**Bergfell ehf.**

Skipholt 50b • 105 Reykjavík

Aðalsími 511 5060

Iðjupjálfi 511 5062

Fax 511 5065



Hækkanlegar fótajalir



Þverslá á bak



Stuðningur fyrir stúf



Bólstraðir armar



Borð



Hliðarpúðar í bak



Höfuðstuðningur



Hækjuhaldari



Teinahlífar



Handbremsur